


# FRÉTTABLAÐIÐ

137. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

LAUGARDAGUR 11. JÚNÍ 2016



Gaf henni lífið ➔32



Óvissan hékk yfir mér ➔34



Styðja strákana alla leið ➔36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

SÓL Á  
ALGJÖRUM  
SPOTTPRÍS

Frá kr.  
49.995

Allt að  
48.000 kr.  
afsláttur á mann

Bókaðu  
sól

Heimsferðir

ALICANTE

Frá kr.  
9.900

Flugsæti aðra leið  
m/sköttum  
& tösku

Heimsferðir

EM 2016


LEIKUR SMÁRALINDAR

Gískaðu á úrslitin í leikjum Íslands og þú gætir unnið 20.000 kr. gjafakort

SMÁRALIND



## Veður



Austlæg átt, 5-13 m/s við suður- og austurströndina í dag, annars hægari. Skýjað og þurr að kalla sunnan- og vestanlands. Annars skýjað með köflum eða bjartviðri og sums staðar þokuloft í nótt. Hiti 12 til 19 stig að deginum, hlýjast í innsveitum.  
**SJÁ SIÐU 46**

## Aukið eftirlit í miðborginni

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafa gert með sér samkomulag um aukið sýnilegt eftirlit lögreglu í miðborginni í sumar. Samskonar samkomulag var gert í fyrrasumar. Á vef ríkislögreglustjóra segir að það hafi verið mat allra sem að verkefninu komu að eftirlitið hefði skilað tilsettum árangri.

Markmið verkefnisins er að bregðast við auknum straumi ferðamanna í miðborginni, auka öryggi almennings í miðborginni, tryggja betra aðgengi að lögreglu, skemmri viðbragðstíma lögreglu og bættu þjónustu við borgarana. Auk þess að tryggja betur öryggi lögreglumanna í miðborginni, þá sér í lagi að næturlagi um helgar. Það er talið hafa sýnt sig að hátt í helmingur allra ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu á sér stað þar á þeim tíma. – jhh

## Heilbrigðismál verði í forgangi

**STJÓRN MÁL** 74,9 prósent svarenda í könnun sem Capacent gerði fyrir Pírata vilja að ríkisfjármálum sé forgangsraðað í þágu heilbrigðismála.

Sex prósent vilja að forgangsraðað verði í þágu mennta- og fræðslumála, 5,8 prósent að raðað verði í þágu almannatrygginga og velferðarmála og 3,5 prósent að forgangsraðað verði í þágu löggæslu og öryggismála.

Þetta var í þriðja sinn sem Píratar láta gera slíka könnun. Hún var gerð dagana 19. maí til 2. júní. Úrtakið var 3.220 manns og var þátttökuhlutfall 61,1 prósent. – jhh

» Þetta er í þriðja sinn sem Píratar láta kanna hvernig fólk vill helst að forgangsraðað sé í ríkisfjármálum

## Garðurinn ræktaður í Árbæjarsafni



Nemendur á lokaári á skrudgarðyrkjubraut við Landbúnaðarháskóla Íslands hafa sett upp matjurtagarða og skrudgarða í Árbæjarsafninu eftir hugmyndum í samkeppni um fegrun Austurvallar árið 1919. Samkeppnin vakti mikla athygli og var mikið um hana skrifað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Mótmæla hundaáti

**KÍNA** Dýraverndunarsinnar í Kína hafa safnað 11 milljónum undirskrifta í því skyni að hvetja til þess að hundaátsveislu sem til stendur að halda í borginni Yulin, í suðvesturhluta landsins, verði aflýst.

Um 24 mótmælendur afhentu síðan fulltrúa Yulin-borgar undirskriftirnar í Peking í gær. Veislan á að hefjast 21. júní. Þá er þúsundum hunda slátrað til mannelis.

Samkvæmt tölum sem Washington Post vísar til eru 30 milljónir hunda drepnir í Asíu á hverju ári og kjötið af þeim nýtt til matar. Þar af er þriðjungurinn í Kína. Fullyrt er að þessum hundum sé stolið og þeir geymdir við ömurlegar aðstæður áður en þeir eru teknir af lífi. – jhh

» Þrjátíu milljónir hunda eru drepnir í Asíu á hverju ári og étnir.

## Börn ein í barnavagni kannski barn síns tíma

Áströlskum þáttastjórnanda brá þegar hann sá sofandi barn einsamalt fyrir utan kaffihús í miðborg Reykjavíkur á dögnum. Umboðsmaður barna segir íslenskt samfélag öruggt og að oftast fylgist foreldrar með vögnunum.

**SAMFÉLAG** „Þetta hefur verið hluti af okkar menningu. Okkur finnst Ísland alltaf vera svo öruggt en hvort það sé að breytast að þessu leyti má alveg skoða,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, um þá staðreynd að margir foreldrar á Íslandi láta börn sín sofa úti í vögnum, ýmist úti í garði eða fyrir utan kaffihús eða verslanir.

„Við höfum búið í öruggu samfélagi almennt og höfum notið góðs af því. Auðvitað vill maður samt ekki að eitthvað þurfi að koma upp á til þess að fara að skoða þetta,“ segir Margrét.

Á dögnum birtust fréttir í erlendum miðlum þar sem umfjöllunarefnið var barnavagn sem skilinn var eftir fyrir utan Laundromat Café við Austurstræti í miðbæ Reykjavíkur en í honum svaf lítill drengur. Tílefn fréttanna var mynd sem þáttastjórnandinn Jessica Rowe birti á samfélagsmiðlum og skrifar hún við myndina að henni hafi brugðið við að sjá að í Reykjavík skilji foreldrar börn eftir fyrir utan kaffihús.

„Mér fannst frekar óþægilegt að lesa athugasemdir fólks við færsluna en það voru margir að hneykslast á því að ég skildi barnið eftir í vagninum,“ segir Hafrún Elísa Sigurðardóttir en hún er móðir drengsins sem svaf í vagninum á umræddri mynd. Hafrún bætir við að einnig hafi margir skrifað athugasemdir við myndina og útskýrt að þetta tíðkist hér á landi.

„Mér brá auðvitað mjög mikið þegar ég sá að erlendir fjölmiðlar væru með myndir af barnavagni barnsins míns í umfjöllun um kæruleysi íslenskra foreldra. Ég er alin upp við þessa síðu og hef ekki talið



Skjaskot af Instagram síðu Jessica Rowe, þáttastjórnanda. MYND/SKJÁSKOT

## Forðast ber fjölfarna staði

Í þriðju útgáfu af leiðbeiningum um heilsuvernd 0-5 ára barna sem Landlæknir og Heilsugæslan gáfu út árið 2013 kemur fram að sterk hefð sé fyrir útsvefni barna á Íslandi sem þróaðist út frá lélegum og þröngum húsakynnum. Þar segir líka að börn búi við aðrar aðstæður í dag og þurfi ekki að sofa úti.

„Ekki er mælt með því að börn sofi úti í frosti eða roki. Þegar hitastig fer niður fyrir frostmark þarf að

taka tillit til hitastigs, vindhraða, rakastigs og lengdar útiverunnar. Ekki er mælt með útiveru eða útsvefni þegar svikryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk. Heilsuverndarmörk á sólarhring eru 50 mikrógrömm á rúmmetra,“ segir í leiðbeiningunum.

Þá kemur fram að forðast skuli fjölmenna staði, s.s. verslunarmiðstöðvar. Ónæmiskerfi nýbura sé óþroskað og áreitid of mikið fyrir barnið.

ástæðu til að taka barnið með mér inn þegar það sefur í vagninum. Að sjálfsögðu sit ég upp við rúðuna þar sem ég sé vagninn mjög vel,“ segir Hafrún.

Margrét segir að það séu foreldrar sem beri ábyrgð á velferð og öryggi

barna sinna en vonar að í langflestum tilvikum fylgist þeir með vögnunum. „Við höfum ekki fengið neinar ábendingar um að barnavagnar séu skildir eftir án þess að fylgst sé með en þá gæti það verið barnaverndarmál.“ [nadine@frettabladid.is](mailto:nadine@frettabladid.is)

Lyf & heilsa

Apótekarinn+

FRÁBÆR ÞYNGDARSTJÖRNUNARTVENNA

**50%** afsláttur af Trim-It

Raspberry + Trim-It Ketones

Minnikar sykulöngun – örvar meltingu og fitubrenslu

Trim-It  
Örvar  
meltinguna  
og hjálpar  
til við  
hreinsun  
líkamans.

Raspberry  
dregur úr  
sykulöngun  
og snarlþörf  
minnkar.  
Fitubrensla  
eykst.

**KAREN HAUKDÓTTIR: „Raspberry og Trim-It hafa gert kraftaverk fyrir mig. Ég hef misst 19 kíló, borða minna og hollara og sleppi sælgæti algjörlega.“**





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA



Húsasmiðjan fagnar  
60 ára afmæli



Skoðaðu  
öll tilboðin  
í Húsasmiðju-  
blaðinu

# SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentavæðingunni. Únval gætur verð misjafnt milli verslana.

3 ltr

Pallaolía Jotun  
Treolje  
Pallaolía á gagnvarið  
efni. Fáanleg glær,  
gullbrún, græn og einnig  
hægt að blanda aðra liti.  
7049123-27

SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

**1.995 kr**  
~~2.385 kr~~



Mest selda  
pallaolían  
í Húsa-  
smiðjunni

23%  
afsláttur

3 ltr

Jotun Akryl Mur,  
útimálning  
á stein og múr  
Silkímótt alkálíþolin 100%  
akrylmálning, gljástig 7.  
7049503-12

SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

**6.999 kr**  
~~8.999 kr~~



**13.995 kr**

Rafmagnssláttuvél  
LME1100  
5085113



**29% afsláttur**

BLACK & DECKER  
Hleðsluborvél  
12V, 2 rafhlöður.  
5245999

SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

**9.995 kr**  
~~13.995 kr~~



**32% afsláttur**

SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

**9.900 kr**  
~~14.590 kr~~

Garðstóll  
Chamonix  
3899590



**21% afsláttur**

Nilfisk  
SÚPÉR AFMÆLISTILBOÐ

**12.995 kr**  
~~16.595 kr~~

Háprýstidæla C105.6-5  
105 bör, 440 l/klst., sjáfvirk ræsing/stöðvun,  
5 m slanga.  
5254249



Birki, 80-100 cm.

**1.490 kr**  
~~1.990 kr~~

**25% afsláttur**



Risastórar Hortensia í  
17 cm potti.

**3.990 kr**  
~~4.990 kr~~

**20% afsláttur**

Matjurtir, 6 stk. í bakka.  
Salat margar tegundir, rófur,  
rauðkál, blómkál, spinat og margt  
fleira.

**799 kr**  
~~999 kr~~

**20% afsláttur**



Sýpris hæð ca. 100 cm.

**999 kr**  
~~2.490 kr~~



Brúðarauga,  
hengilobelia.

**999 kr**  
~~1.690 kr~~

**40% afsláttur**





Byggjum á betra verði

www.husa.is



TÖLUR VIKUNNAR 05.06.2016 - 11.06.2016

**44%** fjölgun hefur orðið á ráðstefnugestum á Íslandi frá 2011.



**99** löxum náði opunarhollið í Blönduáland – sem er met.

vilja ekki að forsætiaembættið verði lagt niður.

**83,6** prósent Íslendinga

**4** HVALASKOÐ-UNARFYRIRTÆKI

hafa hlotið alþjóðlega vottun fyrir sjálfbæra sjávarferðamennsku.

nýta sér fjárhagsaðstoð í Breiðholti en í Vesturbæi Reykjavíkur.

**2,5** sinnum fleiri

**85%** starfsmanna Ísavia eru búsett á Suðurnesjum.

**426.000** farþega fluttu íslensku flugfélögin Icelandair og WOW air í maí.

**30.000** KAFARAR OG SNORKLARAR

bleyttu sig í Silfru á Þingvöllum árið 2015.

## Þrjú í fréttum

### Nýtt vopn, foringjadyrkun og réttlæti

#### Edda Sif Pind Aradóttir

vísindamaður á Þróunarsviði OR,

sagði niðurstöður Car-bFix verkefnisins gefa til kynna að heimsbyggðin hafi eignast nýtt vopn í baráttunni við loftslagsvandann. Samvinna íslenskra og erlendra vísindamanna hefur leitt í ljós að það tekur aðeins tvö ár að binda koltvísýring í berglög við Helligheidarvirkjun en ekki aldir eða árþúsund eins og áður var talið.



#### Höskuldur Þórhallsson

alþingismaður

kvaðst aldrei hafa orðið vitni að viðlíka foringjadyrkun sem virtist vera hjá mjög fámennum en duglegum hópi innan Framsóknarflokksins á miðstjórnarfundum hans. Hann sagði greinilega töluverða undiröldu í flokknum og hún hefði komið fram á fundinum. Hugsa þyrfti vel hvernig ganga ætti til kosninga.



#### Anna Birna Jensdóttir

formaður öldrunarráðs, og hjúkrunarforstjóri Sóltúns,

sagði ríkið sofa á verðinum þegar kæmi að uppbyggingu þjónustu við aldraða. Hún kvaðst hitta fólk á hverjum degi sem hefði of lítið á milli handanna og of lítið með líf sitt að gera. Réttlætismál væri að afnema vasapeningakerfið. Hún telur skynsamlegt að tengja búsetu fólks á eigin heimili við hjúkrunarheimilin.



# Á þriðja hundrað borgir hafa sett sér loftslagsmarkmið

Á þriðja hundrað borgir um heim allan, með 439 milljónir íbúa, hafa sett sér loftslagsmarkmið. Borgir gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn loftslagsvandann. Reykjavík setur sér háleitt markmið.

**UMHVERFISMÁL** Vel á þriðja hundrað borgir um heim allan hafa sett sér loftslagsmarkmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan sinna borgarmarka og berjast þannig gegn loftslagsbreytingum. Fleiri hundruð borgir til viðbótar hafa blásið til samvinnu við ýmis samtök vegna verkefna sem tengjast loftslagsmálum.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu alþjóðasamtakanna Worldwatch Institute, State of the World – Can a City be Sustainable?

Þar segir að 228 borgir að lágmarki, sem finna má í öllum heimsálfum, með 439 milljónir íbúa hafi sett sér loftslagsmarkmið. Það er þar – hjá sveitarfélögum, segja höfundar skýrslunnar, sem sóknarfærin gætu helst legið við að ná þeim markmiðum sem þjóðir heims hafa sett sér og birtast í skuldbindingum þeirra í nýjum loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna sem var dreginn upp í París í desember. Því eru það íbúar borga heimsins sem gegna lykilhlutverki í að ná því markmiði að halda hlýnun jarðar innan marka sem jarðarbúar geta lifað við.

Tveir af höfundum skýrslunnar, þeir Michael Renner og Tom Prugh, segja að í ljósi þess hversu verkefnið er risavaxið þá dugi ekkert annað til en róttækar aðgerðir á þéttbýlustu svæðunum. Breyta verði í grundvallaratriðum hvernig borgir eru hugsaðar hvað varðar neyslu- og úrgangsmál og allt til þess hvernig þær líta út og eru uppbyggðar.

Borgir heims hýsa í dag rúmlega helming mannkyns og standa fyrir 70% af orkuþörf og losun gróðurhúsalofttegunda. Ef fer sem horfir munu sex milljarðar manna lifa í



Áætlað er að 2/3 jarðarbúa 6 milljarðar – muni búa í borgum árið 2045. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

borgum árið 2045, eða tveir þriðju jarðarbúa. Orkuþörf borga mun þrefaldast fyrir 2050 miðað við árið 2005. Ekki að furða þar sem iðnaðaruppbygging hverfist um borgir heims, þó hver og ein þeirra sé með mjög misjafnlega stórt vistspor í dag, metið á hvern íbúa.

Á loftslagsfundum á vegum Reykjavíkurborgar seint á síðasta ári kom fram í máli Hjálmar Sveinssonar, formanns umhverfis- og skipulagsráðs, að á Parísarráðstefnunni

**73%**

samdráttur á útblæstri gróðurhúsalofttegunda er áætlaður samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur árið 2050.

í desember hefðu yfirvöld borga verið áberandi enda væri mikilvægt að borgir tækju höndum saman um að bregðast við vandann þar sem meirihluti mannkyns byggir í borgum. Brýnt væri að þær legðu fram skýrar áætlanir varðandi það hvernig dregið yrði úr losun gróðurhúsalofttegunda og úrgangi. Hjálmar sagði að í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar væri áætlan um að draga úr útblæstri um 73% fyrir árið 2050. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

## Warren til í slaginn með Clinton

**BANDARÍKIN** Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður Demókrataflokksins, segist reiðubúin til að bjóða sig fram með Hillary Clinton sem varaforsætiafni flokksins.

„Ég er tilbúin til að stökkva inn í þessa baráttu og tryggja að Hillary Clinton verði næsti forseti Bandaríkjanna og sjá til þess að Donald Trump komist aldrei nálægt Hvíta húsinu,“ sagði hún í viðtali við dagblaðið Boston Globe. Hún hrósaði líka Bernie Sanders fyrir kosninga-baráttu sína í samtali við MSNBC.

Ljóst er orðið að Hillary Clinton verður forsætiafni flokksins. Bernie Sanders ætlar að berjast áfram fram að landsþingi flokksins í júlí, en heitir því engu að síður að berjast með Clinton gegn Trump.

Clinton er nú byrjuð að þreifa fyrir sér um varaforsætiafni. Einnhverjar vangaveltur hafa verið um að hún muni bjóða Sanders stöðuna, en ekkert áþreifanlegt hefur komið út úr því. —gb



Hillary Clinton hefur ekki valið varaforsætiafni en öldungadeildarþingmaðurinn Elizabeth Warren hefur upplýst að hún er til í tuskið. NORDICPHOTOS/GETTY

**LYFJA**  
– Lífið heil

Lægra verð  
í Lyfju

**Nicorette**  
nikótínlyfjatyggigúmmi

lyfja.is

**15%**  
afsláttur



15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg  
Tilboðið gildir til 17. júní 2016





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR HILUX MÆTTUR Á SVÆÐIÐ TIL AÐ SÝNA SIG

Í dag kl. 12 – 16



## Bara svona Hilux dagur hjá viðurkenndum söluaðilum laugardaginn 11. júní

Nýr Hilux er endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjaxl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri. Lúxus í leik og starfi.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
fram tíðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



## Vilja fá Neymar fyrir rétt

**SPÁNN** Ríkissaksóknaraembætti Spánar vill draga brasilíska fót-boltastjórnum Neymar fyrir rétt vegna meintra fjársvika. Embættið vill meina að Neymar og faðir hans hafi skotið undan fé sem fjárfestingafélag á Brasilíu átti að fá við félagaskipti Neymars til Barcelona á Spáni. Félagið átti rétt á fjórutíu prósentum ágóðans af sölu leikmannsins. Neymar hefur áður neitað ásökunum.

Barcelona segist hafa greitt 57 milljónir evra, um átta milljarða króna, fyrir Neymar árið 2013. Þar af féllu fjórutíu milljónir í skaut foreldra Neymars og sautján fóru til fyrrverandi félags hans, Santos.

Fjárfestingafélagið, DIS, segist aðeins hafa fengið fjórutíu prósent af hlut Santos en ekkert af hlut Neymars. – þea

## Fær bætur vegna eineltis

**SVÍÐJÓÐ** Stjórnvöld í Örebro í Svíþjóð gerðu ekki nóg til að aðstoða stúlku sem varð fyrir einelti í skólanum. Sveitarfélagið hefur þess vegna verið dæmt til að greiða stúlkunni 55 þúsund sænskar krónur í bætur eða um 825 þúsund íslenskra króna. Stúlkun, sem er 14 ára, varð fyrir einelti í skólanum árum saman. Fjölskylda hennar hafði margsinnis samband við skólann. Þar sem fjölskyldunni þótti skólayfirvöld ekki gera nóg til að stöðva eineltið ákvað hún að höfða mál gegn sveitarfélaginu. – ibs

## Biða drottningarinnar



Aðdáendur bresku konungsfjölskyldunnar biða spenntir eftir Elísabetu drottningu fyrir utan Pálskirkjuna í London, þar sem drottningin og fjölskylda hennar tóku þátt í þakkargjörðarguðsþjónustu. Haldið er upp á niráðisafmæli drottningarinnar nú um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Mikilvægt að bjóða nám í heimabyggð

Háskólafélag Suðurlands fær styrk frá Erasmus og heldur úti ferðamálanámi í vetur með aðstoð tveggja erlendra háskóla. Vonast er til þess að vel gangi svo hægt sé að halda áfram. Verkefnastjórinn segir nám í heimabyggð mikilvægt.

**MENNTAMÁL** „Þetta nám, Ferðamálabruin, sem við erum að hefja í haust er hugsað fyrir fólk sem starfar við skipulagningu og/eða rekstur ferðaþjónustufyrirtækja eða hefur áhuga á slíku og námsþættirnir miða að því,“ segir Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Háskólafélagi Suðurlands, um nám sem mun standa til boða á Selfossi í haust. Námið er tveggja anna langt og er um það bil þrjátíu prósent af fullu námi.

„Nám í heimabyggð er eitt af þessum stóru verkefnum er snúa að jákvæðri byggðaðróun,“ segir Ingunn.

Verkefnið er styrkt af Erasmus-sjóðnum og komu Háskólinn í Malaga á Spáni og University of Highlands and Islands í Skotlandi, sem Ingunn segir standa framarlega á þessu sviði, að verkefninu ásamt Háskólafélagi Suðurlands. Háskólana segir hún eiga heiðurninn af flestum kúrsum sem upp á er boðið.

„Mikið er lagt upp úr því að nemendurnir eigi auðvelt með að koma fram og miðla upplýsingum, hvort sem er við ferðamenn eða samstarfsfólk því góð samskipti eru lykilatriði í öllum okkar störfum. Hvor önn hefst því á helgarlóngum kúrsum sem kallast Samskipti, miðlun og tjáning,“ segir Ingunn.

Námið segir hún hugsað sem raunhæft nám. „Nemendurnir eru að fást við mjög raunveruleg verkefni með verkfærum sem þau halda áfram að beita á vinnumarkaðinum.“

Kennsla fer öll fram á Selfossi en gert er ráð fyrir nemendum í farnámi þar sem Háskólafélagið rekur



Ingunn Jónsdóttir og samstarfsfólk frá erlendu háskólunum. MYND/HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

**Nám í heimabyggð er eitt af þessum stóru verkefnum er snúa að jákvæðri byggðaðróun.**

Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri Háskólafélags Suðurlands



fjarnámsver viðsvegar um Suðurland.

„Það sem við erum að fara af stað með í haust er svokallað „pilot“ af náminu, það er prufukeyrsla, sem er hugsuð í þeim tilgangi að hafa svigrúm til þess að finna námsþættina og er nemendum gerð grein fyrir því að þeir þurfa að vera duglegir við endurgjöf til okkar um þeirra upplifun á kúrsum sem og allri nálgun,“ segir Ingunn. Hún vonast til þess að eftir veturinn verði hægt að halda náminu úti áfram á Suðurlandi.

Fyrir má sækja annað ferðamálanám viðsvegar um landið. Til að mynda ferðamálafræði í Háskóla Íslands og á Hólum og ferðamála-braut Framhaldsskólans á Laugum. thorgnyr@frettabladid.is



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um kjörskrár vegna forsetakosninga

Kjörskrár vegna kjörs forseta Íslands laugardaginn 25. júní 2016 skulu lagðar fram eigi síðar en miðvikudaginn 15. júní 2016.

Kjörskrá skal leggja fram á skrifstofu sveitarstjórnar eða á öðrum hentugum stað sem sveitarstjórn auglýsir sérstaklega. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Athygli er vakin á því að kjósendur geta nú kannað á vefnum [www.kosning.is](http://www.kosning.is) hvar þeir eru á kjörskrá.

Þeim sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá er bent á að senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

Innanríkisráðuneytið, 10. júní 2016.

**Betri ferð fyrir betra verð - vita.is**

**Alicante, Calpe** Verð frá: **49.900 kr.**  
 Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi á Ambar Beach.  
 Fyrir fjölskylduna - 14. júní  
 VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



# playmobil® DAGAR Í HAGKAUP 9.-12. JÚNÍ

Allt Playmobil

**20%**

afsláttur



Playmobil faest ekki í Holtagörðum né á Eirístrorgi.



**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla



# Framfaraskref stigið í fangelsismálum

Fangelsið á Hólmsheiði opnaði formlega í gær. Fangelsismálastjóri segir það mikið framfaraskref og lokahnykk í endurbótum á fangelsismálum landsins. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti fangelsið og tók myndirnar sem sjá má hér á síðunni.



Þarna má sjá út úr fangelsinu og á útivistarsvæði kvenna.



Í fangelsinu er leiksvæði fyrir börn fanga sem koma í heimsókn.



Þarna er öryggisleitin.



Gæsluvarðhaldsklefar.




Á útisvæðinu er hægt að spila körfubolta.



Hér má sjá útisvæði gæsluvarðhaldsfanganna



Hér er hægt að ræða við fangana.



Hér má sjá inn á einn ganginn.

## Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.



**XPRENT**  
- hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | [xprent.is](http://xprent.is)

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: [konnj@xprent.is](mailto:konnj@xprent.is)



Dyrnar á einum gæsluvarðhaldskleffanna.



Þarna má sjá útisvæðið á kvennaganginum.





Innovation  
that excites

Zero Emission

# NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGNI. KLÁRT.



Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**  
Verð: 4.290.000 kr.

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

[ 30 kWh ]  
← 250 km\* →

[ 24 kWh ]  
← 199 km\* →

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





## Frestuðu samningafundi flugumferðarstjóra

**KJARAMÁL** Samningafundi Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Samtaka atvinnulífsins, sem semja fyrir hönd Isavia, hefur verið frestað fram á mánudag. Kjaraviðræður hafa staðið yfir frá því í október á síðasta ári.

Boðað hafði verið til fundar hjá Ríkissáttasemjara í gær en honum var frestað vegna þess að Sigurjón Jónasson, formaður Félags flugumferðarstjóra og formaður samninganefndar, gat ekki verið viðstaddur fundinn.

„Ég átti að mæta á vakt í nótt og óskaði eftir leyfi vegna félagsstarfa, en það fékkst ekki því enginn maður var til að manna vaktina fyrir mig. Þá varð að fresta fundinum,“ segir Sigurjón og bætti við að samninganefndin hafi ekki viljað funda án formanns síns.

Alþingi samþykkti í vikunni lög á verkfallsaðgerðir flugumferðarstjóra en yfirvinnubann þeirra hafði staðið yfir frá því 6. apríl.

„Við förum í vægustu aðgerðir

# 24.

**júni verður skipaður þriggja manna gerðardómur hafi flugumferðarstjórar ekki náð að semja fyrir þann tíma.**

sem við gátum farið í og vorum ekki að gera neitt minna en starfsskyldur okkar kveða á um,“ segir Sigurjón og tekur fram að stéttinni beri ekki skylda til að vinna yfirvinnu.

Með lögum var gefinn tveggja vikna frestur til að leysa úr kjara-deilunum. Náist samningar ekki fyrir 24. júní verður skipaður þriggja manna gerðardómur sem taka mun ákvörðun um kaup og kjör þeirra. –þv

## Banna unglingum að kaupa rafrettur

**HEILSA** „Við hertum reglurnar fyrir þremur mánuðum eftir tilvik þar sem foreldrar unglings komu til okkar og kvörtuðu yfir því að hann hefði keypt af okkur rafsigarettu,“ segir Michael Andrason, starfsmaður Gryfjunnar, verslunar sem selur rafsigarettur en eftirspurn eftir rafsigarettum hefur aukist síðustu misseri.

Samkvæmt lögum er ekkert sem bannar að börn yngri en 18 ára kaupi rafsigarettur og nikótínlausan vökva í þær. „Áður vorum við ekki eins vakandi fyrir þessu en nú spyrjum við alltaf um skilríki og neitum einstaklingum um afgreiðslu nema vera alveg viss á því að hann sé yfir 18 ára,“ segir Michael og bætir við að markmið Gryfjunnar sé að hjálpa fólki að hætta að reykja. Það sé enginn tilgangur fyrir unglinga að kaupa sér rafsigarettur.

Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Landlækniseimbættinu, segir að eðlilega hafi þeir sem sinni tóbaksvörnum áhyggjur af því að rafsigarettuneysla ungs fólks geti leitt til tóbaksneyslu.

Viðar bendir á könnun frá árinu 2015 frá Rannsóknunum og greiningu



Þeir sem sinna tóbaksvörnum hafa áhyggjur af því að rafsigarettuneysla ungs fólks geti leitt til tóbaksneyslu. NORDICPHOTOS/GETTY

en þar kom í ljós að tíu prósent nemenda í tíunda bekk í grunnskólum landsins hefðu prófað rafsigarettu að minnsta kosti einu sinni til fimm sinnum. Hann útskýrir að í dag sé í vinnslu uppfærsla á

evrópsku tóbaksvarnalögum þar sem meðal annars mun koma ákvæði varðandi rafsigarettur. Hann segist vona að í lögum verði ákvæði um aldur kaupenda. –ngy





# Fullt tillit tekið til athugasemda landeigenda

**UMHVERFISMÁL** Byggingaráform Icelandair Hotels um stækkun Hótel Reykjahlíðar hefur tekið verulegum breytingum frá því sem lagt var upp með í upphafi og með því hefur verið tekið fullt tillit til athugasemda landeigenda. Landeigendur í Reykjahlíð 2 og 4 undirrituðu stuðningsyfirlýsingu vegna áformna Icelandair-hótelna í nóvember.

Þetta kemur fram í skriflegum athugasemdum Magneu Þóreyjar Hjálmarsdóttur, framkvæmdastjóra Icelandair-hótelna, vegna fréttablaðsins um byggingaráform fyrirtækisins í Reykjahlíð. Þar hefur verið greint frá því að byggingarreitir nýs hótels er langt fyrir innan verndarlínu sérлага um vernd Mývatns og Laxár, eins að sveitarstjórn Skútustaðahrepps var klofin í afstöðu til þess að leyfa skipulagsvinnu á reitnum og óánægju íbúa vegna skerts útsýnis til vatnsins og hugsanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa. Magnea segir að frétt af óánægju íbúa sé byggð á úreltum gögnum [fundargerðum Skipulagsnefndar frá því í mars] og vísar til stuðningsyfirlýsingar landeigenda í Reykjahlíð 2 og 4.

Meðvitað er hæð viðbygginga stillt í hóf til að útsýni að vatninu frá aðalvegi haldist svo gott sem óskert frá því sem nú er.

Magnea Hjálmarsdóttir

Magnea skrifar að hótelið sé á fallegum stað og tengingin við náttúruna skipi stóran sess í þeim áformum sem uppi eru um hótelið. Því verði hugað að öllum umhverfisþáttum.

„Meðvitað er hæð viðbygginga stillt í hóf til að útsýni að vatninu frá aðalvegi haldist svo gott sem óskert frá því sem nú er. Viðbygging er því einungis á tveimur hæðum og heildarhæð hennar töluvert lægri en heimilt er í núverandi deiliskipulagi. Metnaður er lagður í að heildarútlit hótelsins verði svæðinu til framdráttar frá því sem nú er fremur en hitt, og að látlaust, umhverfisvænt útlit þess verði annarri framtíðaruppbyggingu við Mývatn til eftirbreytni, þar sem umhverfisvæn sjónarmið eru höfð að leiðarljósi,“ skrifar Magnea. – shá



Byggingaráform nærri Mývatni hefur mætt gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ATM Hraðbanki

- EUR
- GBP
- SEK
- NOK

ATM Hraðbanki

- EUR
- USD
- DKK
- SEK

|     |        |        |
|-----|--------|--------|
| GBP | 171,14 | 184,66 |
| EUR | 134,79 | 145,44 |
| CAD | 92,3   | 99,59  |
| DKK | 18,12  | 19,55  |
| NOK | 14,58  | 15,73  |
| SEK | 14,49  | 15,63  |
| CHF | 121,95 | 131,58 |
| JPY | 1,08   | 1,17   |
| PLN | 30,53  | 32,95  |
| AUD | 86,78  | 93,64  |

MINNAGRIPIÐ FYRIR HEIMSBORGARA!

FRÚIN Í HAMBORG ÓSKAR ÖLLUM FERÐALÖNGUM GÓÐRAR FERÐAR

## Gjaldeyrir.is er tímasparnaður fyrir alla

Pantaðu ferðagjaldeyrinn á [gjaldeyrir.is](http://gjaldeyrir.is) og gríptu hann með þér í nýja útibúinu okkar á Keflavíkurflugvelli á leið út í heim.

Viðskiptavinir allra banka geta nýtt sér þessa þjónustu.

Það verður ekki mikið þægilegra.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina



# Vinstri stjórn sjáanleg í kortunum á Spáni

Tvær vikur eru til þingkosninga á Spáni. Síðast var kosið í desember síðastliðnum, en gömlu flokkunum hefur ekkert gengið að mynda ríkisstjórn. Nýja flokknum Podemos er spáð enn meira fylgi en síðast. Útlit fyrir vinstri stjórn.

**SPÁNN** Skoðanakannanir benda til þess að vinstri flokkarnir á Spáni geti myndað samsteyppustjórn eftir kosningarnar 26. júní. Stjórnarkreppa hefur verið í landinu í hálf tveir ár, eða frá því tveir nýir flokkar, Podemos og Ciudadanos, unnu fjölda fólks á sitt band á kostnað gömlu valdaflokkanna.

Þjóðarflokkur forsætisráðherra Marianos Rajoy og Sósíalístaflokknum, sem hafa skipst á að fara með stjórn landsins undanfarna áratugi, hefur ekkert gengið að mynda stjórnarmeirihluta. Rajoy sá sér því ekki annað fært en að boða til nýrra kosninga.

Podemos, eða „Við getum“, var stofnaður árið 2014 og hefur barist gegn þeim ströngu aðhaldsaðgerðum, sem stjórnvöld hafa gripið til á Spáni síðustu misserin vegna kreppunnar sem skall á árið 2008. Podemos hefur einnig á stefnuskránni að draga úr völdum Evrópusambandsins.

Flokkurinn hefur nú tekið saman höndum við Sameinaða vinstri flokkinn, sem stofnaður var árið 1986, og nefnist kosningabandalagið Unidos Podemos, eða „Saman getum við“.

Þeir Pablo Iglesias, leiðtogi Podemos, og Alberto Garçon, leiðtogi Sameinaða vinstri flokksins, stefna nú að því að ná nógu mörgum atkvæðum til að geta myndað stjórn með Sósíalístaflokknum.

Stefnan snýst í meginráttum um að hækka skatta á stóreigna- og hátekjufólk og auka ríkisútgjöld til heilbrigðis- og menntamála.

Iglesias sagði í viðtali nýverið að flokkurinn vilji ná fram ósköp einföldum atriðum: „Land með almannþjónustu, land þar sem engum er hent út úr húsinu sínu, land með opinberum sjúkrahúsum,

## Fylgi vinstri flokkanna eykst

Unidos Podemos, nýtt kosningabandalag andófsflokksins Podemos og Sameinaða vinstri flokksins, hefur sópað til sín fylgi í aðdraganda þingkosninga á Spáni. Hálf tveir ár er frá síðustu kosningum.




**Þjóðarflokkurinn (Partido Popular)**  
Hægri-miðjuflokkur forsætisráðherra **Mariano Rajoy** fengi flest atkvæði

**Saman getum við (Unidos Podemos)**  
Flokkabandalag gegn ríkisaðhaldi undir forystu **Pablo Iglesias**

**Sósíalístaflokkurinn (PSOE)**  
Sósíaldemókrataflokkur undir forystu **Pedro Sanchez** yrði í þriðja sæti

**Borgaraflokkurinn (Ciudadanos)**  
Miðjuflokkur markaðshyggjumanna undir forystu **Alberts Rivera**, 36 ára lögmans



\*CIS (Centro de Investigaciones Sociológicas) spurði 17.488 manns dagana 4.-22. maí. Skekkjumörk: ±0,76 stig

Heimild: CIS Myndir: Associated Press, Newscom

opinberum lífeyrissjóðum, land þar sem fólk getur, ef það hefur atvinnu, fyllt hjá sér ísskápinn og keypt skólavörur handa börnunum sínum.“

Í tilefni kosningabaráttunnar hefur Podemos nú gefið út harla

nýstárlegan kosningabækling, sem lítur út eins og IKEA-bæklingur. Honum er dreift um land allt í þeirri von að þetta verði mest lesna kosningastefnuskrá allra tíma, að því er liðsmenn Podemos segja.

gudsteinn@frettabladid.is


## Fasteignapróun í miðbæ Vestmannaeyjabæjar

Gerum góðan bæ enn betri



Fyrir liggur að fella eigi byggingu á 2.522 m<sup>2</sup> lóð í miðbæ Vestmannaeyjabæjar. Vestmannaeyjabær leitar því að samstarfsaðilum til þess að hefja þar sem fyrst uppbyggingu á ný.

Leitast verður við að nýtt hús á reitnum muni styrkja enn frekar miðbæinn með blandaðri starfsemi og hugsanlegri aðkomu sveitarfélagsins. Núverandi hús skartar þrjár hæðir en hæðarmörk á byggingareit eru 14,65 metrar. Flatar-mál hversrar hæðar nýrrar byggingar getur orðið allt að 1.400 m<sup>2</sup>.

Hægt er að kynna sér málið nánar á vefsíðunni [www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is) og eru áhugasamir beðnir um að hafa samband við Sigurð Smára Benónýson, byggingafulltrúa, fyrir 1. júlí næstkomandi í síma 488-2530 eða með pósti á [bygg@vestmannaeyjar.is](mailto:bygg@vestmannaeyjar.is).



#wheninKEF



Nú gefst þér kostur á að mæta snemma og hafa tímann fyrir þér því innritun hefst nú 2 og 1/2 tíma fyrir flug.

Fáðu þér hressingu og kíktu í búðir og njóttu þess að geta tekið lífinu með ró.

Fjöldi verslana og veitingastaða bíða þín í betri flugstöð.



KEFLAVÍKUR  
FLUGVÖLLUR





Way of Life!

# NÝR BALENO!

ÞÚ  
VERÐUR  
AÐ PRÓFA  
HANN

KYNNUM NÝJAN  
TÍMAMÓTA BALENO  
LAUGARDAGINN 11. JÚNÍ  
FRÁ KL. 12-17



NÝR VALKOSTUR!  
SUZUKI BALENO  
MILD HYBRID

## SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR

BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.

Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Booster Jet og 1250 dual Jet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.



SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



# TÓNLIST, LITIR, HLAUP OG GLEÐI


*Miðborg Reykjavíkur mun iða af lífi í dag þegar litahlaup Alvogen fer fram.*

*Við bjóðum alla borgarbúa velkomna í Hljómskálagarðinn til að taka þátt í gleðinni.*

## LITRÍKASTA HLAUP SUMARSINS!

The Color run er 5 kílómetrar að lengd og hefst í Hljómskálagarðinum kl. 11:00 og stendur fram eftir degi í mikilli litagleði, undir dúndrandi tónlist.

Rauði krossinn og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra njóta góðs af hlaupinu þar sem sex milljónir króna renna til þeirra.



## THE COLOR RUN™

**START** Litahlaupið hefst í Hljómskálagarðinum

**1 KM LITASTÖÐ**

**2 KM LITASTÖÐ**

**3 KM LITASTÖÐ**

**4 KM LITASTÖÐ**

**PARTY** Litahlaupið endar í epísku eftirpartýi í Hljómskálagarðinum





**THE COLOR RUN™**  
*Tropicolor*  
BY **Alvogen**

*Lyfjafyrirtækið Alvogen er bakhjarl litahlaupsins og óskar öllum þátttakendum góðrar skemmtunar.*

**Alvogen**



# SKOÐUN

## Stóra afrekið



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**K**nattspyrnulandsliðið hefur leik á Evrópu-mótinu á þriðjudag. Sennilega er þátttaka landsliðsins á mótinu mesta íþróttafrek Íslandssögunnar, með fullri virðingu fyrir handboltalandsliðinu, verðlaunahöfum á Ólympíuleikjum og öðru afreksfólki gegnum tíðina.

Knattspyrna er nefnilega vinsælasta íþrótt heims, hvort sem litid er til þátttöku eða áhorfs. Talið er að um 250 milljónir spili knattspyrnu með skipulögðum hætti, og eru þá ótaldir allir þeir sem spila á götum, ströndum og túnnum alls staðar um heim. Samkvæmt tölum Alþjóðaknattspyrnusambandsins horfði yfir milljarður manna á úrslitaleik síðustu heimsmeistarakeppni. Enginn sjónvarpsviðburður getur keppt við slíkar áhorfstölur.

Ferðalög um heiminn leiða manni fyrir sjónir hversu útbreiddur og alþjóðlegur leikurinn er. Í Afríku klæðast börnin búningum frá ensku stórlíðunum, Barcelona-treyjum með Messi aftan á eða Real Madrid-búningum merktum Ronaldo. Það var upplifun að vera á ferð um dreifðar byggðir í Afríku og rekast allt í einu á kappleik milli tveggja liða heimamanna, þar sem menn léku berfættir – annað liðið í Chelsea-búningum og hitt í treyjum Arsenal. Engin önnur íþrótt nær til allra heimshorna með viðlíka hætti.

Knattspyrna er ekki síður leikin í huga fólks en í risastórum musterum stórlíðanna. Karlar og konur geta rétt smáatriði úr löngu liðnum leikjum tímum saman. Enn er rétt af ástríðu um hvor var betri, Pelé eða Maradona, og enn hefur ekki fengist upplýst með óyggjandi hætti hvort boltinn fór yfir marklínuna eða ekki í þriðja marki Englendinga gegn Þjóðverjum í heimsmeistarakeppninni 1966.

Fótboltamenn geta líka haft áhrif á samfélagið til hins betra. Sagt er að Ruud Gullit og Frank Rijckard, þeldökkar hollenskar knattspyrnustjórnur, hafi haft mest að segja um batnandi samskipti kynþátta þar í landi. Sömuleiðis er haft fyrir satt að einu skiptin sem stríðandi fylkingar í Afríkuríkinu Líberíu hafi getað sæst á að leggja niður vopn um stundarsakir hafi verið þegar leikir með AC Milan voru í sjónvarpinu. Með Milanólíðinu spilaði á þeim tíma Þjóðhetja Líberíumanna, George Weah.

Árangur knattspyrnulandsliðsins verður að skoða með þetta í huga. Strákarnir eru komnir á stórmót í vinsælustu íþróttagrein veraldar. Þeir munu deila sviðinu með stærstu nöfnum íþróttarinnar. Ísland er fámennasta ríki sem komist hefur á stórmót. Kosta Ríka, sem spilaði á síðasta heimsmeistaramóti, er sex sinnum fjölmennara.

Nú þegar til Frakklands er komið er þó engin ástæða til að láta staðar numið. Lars, Heimir og strákarnir hafa sýnt að stór nöfn eru þeim engin hindrun. Sigrar á Hollendingum, Tyrkjum og Tékkum í undankeppninni bera því eftirminnilegt og fagurt vitni. Drengirnir hafa nú þegar skráð nafn sitt gylltum stöfum á spjöld íþróttasögunnar. Nú er bara að halda áfram að rita söguna – vonandi með gylltum lettri. Við biðum spennit eftir þriðjudeginum.



**Fótbolta-  
menn geta  
líka haft áhrif  
á samfélagið.  
til hins betra.**



## Aquamassage nuddtæki!

### Afslöppun, upplýfting, endurnæring...

Nudd í nokkrar mínútur án þess að fara úr fötum.

Bætið við frábæru vatnsmassagetu í líf ykkar til þess að bæta heilsuna. Hentar vel fyrir hnykkjara, baðstofur, hótél, eða lúxus fyrir heimilið. Einungis tvö stykki eftir á frábæru verði!

Frekari uppl. Sími 897-4305 / 571-7572  
halldorharaldsson@gmail.com

## Gunnar



## Mín skoðun Logi Bergmann



### Hálftóm glös

Ég vaknaði um miðja nótt og fann mikla steikarlykt. Fyrsta sem mér datt í hug var að ég væri að fá heilablóðfall. Eða hjartaáfall. Ég mundi alveg greinilega að ég hafði lesið eitthvað um að rétt áður en fólk fær eitthvað hræðilegt finnur það lykt af einhverju sérstöku. Ég bara mundi ekki hver lyktin var eða hvað ætti að vera í gangi þegar maður fyndi hana.

Var það kannski vanillu- eða hnetulykt? Og var þetta kannski botnlangakast? Krabbamein? Ég lá andvaka og braut heilann. Reyndi að rifja upp hvað þetta gæti verið: Steikarlykt. Sterk steikarlykt. Það hlaut að vera eitthvað.

Svo gaft ég upp og gúglaði og fann ekkert. Og þá var ég búinn að tapa og klárlega vaknaður. Ekkert annað að gera en að koma sér fram úr, þó að klukkan væri ekki nema að skriða í hálfimm.

Þegar ég kem upp sé ég son minn við eldavélina. Hann var sem sagt að gera enn eina árangurlausa tilraun til að snúa sólarhringnum við, eins og unglingar gera (þá tekur það tvær vikur), varð svangur og ákvað að fá sér beikon.

Meðan ég borðaði þetta líka fína beikon, því drengurinn er bysna snjall í eldhúsinu, velti ég því fyrir mér af hverju maður bregst svona við. Af hverju hættir okkur svona oft til að búast við því versta og sjá dökku hliðarnar alltaf fyrst?

### Of margir hálfvitar

Ég þekki alltof marga sem sjá glasið alltaf hálftómt. Jafnvel nokkra sem eru með það á hreinu að það sé ekki bara nánast tómt, heldur líka brotið og skítugt. Ég er orðinn svo leiður á gaurum sem eru fastir á krónisku þunglyndislegu trúnaðarstigi og þurfa endilega að láta alla vita hvað allt er ömurlegt. Það er líka svo merkilegt að í kringum þetta fólk eru venjulega bara vitleysingar og bjánar. En svo er þæling: Er það ekki aðeins of mikil tilviljun ef allir í kringum þig eru hálfvitar nema þú?

En af hverju verðum við svona reið yfir öllu mögu-

legu? Af hverju erum við alltaf í því að láta hluti sem skipta svo litlu máli pirra okkur? Yfirleitt höfum við val um það hvernig við mætum aðstæðum og hvort við kjósum að láta smáatriði stela orku frá okkur (afsakið nýaldarmálið) og eyða tíma sem við gætum notað í eitthvað annað.

### Og við kvörtum

Bara síðustu daga hef ég séð fólk taka kast yfir því að Morgunblaðið komi inn um lúguna hjá því (óumbeidið), hljóðunum í töskum hjá ferðamönnum, of mörgum forsetaframbjóðendum, lattéþjandi liði og að allt sé fullt af hjólreiðamönnum í spandexi. Það er hægt að mæta þessu öðruvísi. Maður fær Moggann ókeypis. Ferðamenn hafa gjörbreytt efnahagnum og fyllt landið af skemmtilegu fólki. Það er frábært að allir geti boðið sig fram. Latté er sennilega það sem hefur helst hjálpað íslenskum kúabændum og fengið fullorðið fólk til að drekka mjólk (ég gleymdi reyndar þeim sem finnst algjörlega fjaránlegt að fullorðið fólk drekki mjólk og þar að auki úr einhverjum sem hefur aldrei verið mamma þess). En ég get fallist á að það ættu að vera reglur um það hverjir mega klæða sig í spandex.

Nú er komið sumar. Það er fint veður. Eigum við kannski í smástund að vera sátta við það að þetta er bara með bærligasta móti? Gleðjast yfir því að þurfa ekki að skafa í einhverju fjaránlegu júnihreti? Reyna að njóta dagsins og vera létt. Er það ekki eitthvað?

Ég get ekki beinlínis lofað ykkur blómum, sólskini og betra kynlífi, en – ég get lofað ykkur að ef þið farið þessa leið verður allt heldur skárara.

Já, og meðan ég man. Það er víst talað um það að lykt af ristudu brauði geti verið einhvers konar fyrirbodi heilablóðfalls. En svo sá ég líka að það er vist bara kjaftæði. Það eru til miklu betri leiðir til að átta sig á því. Þannig að ef þið finnið lykt af beikoni um miðja nótt, byrjið þá á því að því að athuga hvort einhver sé í eldhúsinu.





# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?



CITROËN  
**C4**  
CACTUS

VERÐ FRÁ  
**2.690.000 KR.**  
STÓRGLÆSILEGUR  
**300.000 KR.**  
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ  
Í TAKMARKAÐAN TÍMA  
NÝTTU TÆKIFÆRIÐ



**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensinvél sem nýverið hlaut eftirsóttu titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

**CRÉATIVE TECHNOLOGIE**

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á



## Draumasigurmark hjá Dimitri Payet í fyrsta leik Frakka á EM 2016




**Mark mótsins í fyrsta leik?** Dimitri Payet fór grátandi af velli eftir að hafa fengið heiðursskiptingu undir lok fyrsta leiks gestgjafa Frakka á Stade de France í gær. Kannski skiljanlegt því skömmu áður hafi hann skoraði frábært mark sem átti eftir að skila Frökkum dýrmætum þremur stigum í fyrsta leik EM. Payet er hér búinn að hleypa af umkringdur varnarmönnum Rúmeníu. Skömmu síðar söng boltinn í netinu FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Dimitri Payet, leikmaður West Ham í ensku úrvalsdeildinni, var allt í öllu í leik Frakklands gegn Rúmeníu þegar EM 2016 fór af stað með látum á Stade de France. Payet, sem sló í gegn með Hömrnum í vetur, lagði upp fyrri mark Frakka fyrir Oliver Giroud og skoraði svo sigurmarkið sjálfur á 89. mínútu með þrumufleyg í sam-skeytin. Payet grét af gleði þegar honum var skipt út



af í uppbotar-tímanum. Tilfinningarnar báru hann ofurlíði.

EM í fóbolta í Frakklandi

A-riðill

**Frakkland - Rúmenía 2-1**

1-0 Oliver Giroud (57.), 1-1 Bogdan Stancu (65. viti), 2-1 Dimitri Payet (89.).

Borgunarbikar kvenna 16 liða úrslit

**KR - ÍBV 1-3**

1-0 Sigríður María S Sigurðardóttir (12.), 1-1 Sigríður Lára Garðarsdóttir (28.), 1-2 Diana Dögg Magnúsdóttir (49.), 1-3 Sigríður Lára Garðarsdóttir (88.).

Það má flauta þetta mót af núna. Það verður ekki skorað flottara mark #Payet #emisland

Bergþór Jónsson @beggidotcom

## Í dag

**16.50 F1 Tímataka, Kanada** Sport  
**22.00 Sumarmessian** Sport  
**23.00 Bandaríkin - Paragvæ** Sport  
**01.10 Kólumbía - Kosta Ríka** Sport

**14.00 Keflavík - Breiðablik** Keflavík  
**14.00 Haukar - ÍA** Ásvellir  
**14.00 Fyllkir - Fja/Hö/Leik** Árbær  
**14.00 FH - Stjarnan** Kaplakriki  
**16.30 Þór/KA - Grindav.** Þórsvöllur  
**17.30 Selfoss - Valur** Kaplakriki

## Á morgun

**14.00 Leiknir R. - KA** Sport  
**17.30 F1 Kanadakappakstur** Sport  
**22.00 Sumarmessian** Sport  
**22.30 Ekvador - Haití** Sport 2  
**00.40 Brasilía - Perú** Sport

**14.00 Leiknir R. - KA** Leiknisvöllur  
**14.00 Leiknir F. - Haukar** Fjarðab.h.  
**14.00 Þór - Huginn** Þórsvöllur  
**14.00 HK - Grindavík** Kórinn  
**16.00 Keflavík - Fram** Keflavík  
**16.00 Selfoss - Fjarðab.** Selfoss  
**17.00 HK/Vík. - Þróttur R.** Víkin

## EM helgin

Í dag

**13.00 Albanía - Sviss** A-riðill  
**16.00 Wales - Slóvakía** B-riðill  
**19.00 England - Rússland** B-riðill

Á morgun

**13.00 Tyrkland - Króatía** D-riðill  
**16.00 Pólland - Norður Írland** C-rið.  
**19.00 Þýskaland - Úkraína** C-riðill

## Verðum að nýta reynsluna

Þriggja leikja hrina á milli Íslands og Portúgals hefst í Laugardalshöll á morgun. Þá spila strákarnir okkar fyrri leik sinn við Portúgal í umspili um laust sæti á HM í Frakklandi. Síðari leikurinn er á fimmtudag.

**HANDBOLTI** „Það er ansi margt sem ber að varast hjá þessu liði,“ segir Geir Sveinsson landsliðsþjálfari en lærisveinar hans taka á móti Portúgal í Laugardalshöllinni á morgun.

Fyrri leikur af tveimur um laust sæti á HM í Frakklandi í janúar á næsta ári. Síðari leikurinn fer fram í Porto á fimmtudag þannig að strákarnir þurfa að fara með gott veganesti í síðari leikinn.

Það er sannkallað íþróttastríð á milli Íslands og Portúgals þessa dagana því á milli handboltalandsleikjanna spilar knattspyrnulandslið Íslands við Portúgal á EM.

„Þrír landsleikir og þrír íslenskir sigrar,“ sagði línumaðurinn Róbert Gunnarsson ákveðinn á blaðamannafundi HSÍ í gær.

## Mjög hraðir

„Þeir eru gríðarlega öflugir fram á við. Það er að segja að þeir keyra góð hraðauppflaup, hraða miðju og aðra og þriðju bylgju í hraðauppflaupum. Þannig skora þeir flest sín mörk. Þeir eru með góða hornamenn og svo er línan sterk. 65 prósent af þeirra mörkum koma úr þessum atriðum. Það má alls ekki vanmeta þetta lið,“ segir Geir um portúgalska liðið sem hefur verið á uppleið síðustu ár og nýtur líka góðs af því að margir leikmenn spila saman.

Geir valdi upphaflega 22 leikmenn í hópinn en skar fyrir helgina niður í nítján. Þá dattu út Björgvin Hólmgeirsson, Janus Daði Smáason og Hreiðar Levý Guðmundsson. Svo eru Vignir Svavarsson og

Guðjón Valur Sigurðsson að glíma við meiðsl. Ástandið virðist vera verra á Vigni.

## Tveir að glíma við meiðsl

„Ástand hópsins er að mestu leyti gott. Vignir er örlítið laskaður og óvíst með framhaldið hjá honum. Við metum það þegar nær dregur leik. Guðjón segist ekki hafa áhyggjur af sínum meiðslum en annars eru menn ferskir.“

Geir hefur ekki fengið mikinn tíma með liðinu síðan hann tók við af Aroni Kristjánssyni. Hann hefur ekki gert neinar breytingar á hópnum en hverju er verið að reyna að breyta?

## Ná því besta út úr öllum

„Almennt að ná því besta út úr öllum. Að reyna að tryggja að menn séu að leggja sig fram og gefa allt í verkefnið. Að gæði hvers leikmanns nái að koma fram í leiknum. Auðvitað gerum við smá áherslubreytingar. Bæði út frá okkar andstæðingi sem og út frá okkur sjálfum. Minni atriði en samt atriði sem skipta máli. Við erum ekki að finna upp hjólið á svona skömmum tíma,“ segir Geir en hann hefur nýtt dagana til að leggja upp leikinn og veit að hann getur ekki gert neinar risabreytingar með liðið á svona skömmum tíma en hann veit vel hvað hann er með í höndunum.

„Við erum með gríðarlega reynslumikið lið og við erum að reyna að nýta það. Ég vona að mönnum renni blóðið til skyldunnar að gefa virkilega í og kannski sérstaklega í ljósi þess hvernig gekk á EM í Póllandi.“



Geir Sveinsson. Fréttablaðið/Stefán

sérstaklega í ljósi þess hvernig gekk á Evrópumótinu í Póllandi.“

## Gerum kröfur til okkar

Þjálfarinn segir að liðið geri þær kröfur til sín að klára þetta verkefni.

„Við viljum þetta og langar til Frakklands. Það þýðir að við verðum að klára þessa leiki. Við ætlum að koma vel undirbúnir til leiks og ná upp stemningu í liðinu.“

Ég vona að mönnum renni blóðið til skyldunnar að gefa virkilega í og kannski sérstaklega í ljósi þess hvernig gekk á EM í Póllandi

Geir Sveinsson

Strákarnir þekkja vel til portúgalska liðsins eftir að hafa mætt því í tvígang í janúar er það undirbjó sig fyrir EM í Póllandi. Þá tapaði A-liðið með fjórum mörkum en B-liðið vann með einu. Einkennilegir leikir og þar fóru viðvörunarþjöllur að klingja fyrir EM. Það var ástæða fyrir því að þjöllurnar fóru í gang.

## Vill fá góðan stuðning

Geir vonast eftir því að þjóðin standi við bakið á strákunum í þessu verkefni enda mikið undir og nauðsynlegt að fara með góða stöðu til Porto.

„Ég veit að þetta er klisja en það skiptir máli að fá góðan stuðning og strákarnir tala um það sjálfir. Það er allt annað að spila í fullri höll með góðri stemningu. Einhverjir halda að þetta sé lið sem eigi að klárast tiltölulega þægilega en það er ekki þannig. Þetta er flott lið sem var að vinna Katar í tvígang á dögnum,“ segir Geir en stemningin í Höllinni hefur oft fleytt strákunum langt þegar þess hefur verið þörf.

HSÍ mun gera sitt besta til þess að lokka fólk á völlinn og verða alls konar viðburðir fyrir leik sem og í hálfleik. henry@frettabladid.is





# Hótelstjóri óskast á einstakan stað

Moss Hotel

Í móttökunni er rólegt andrúmsloft. Notalegur kliður berst frá hótelgestum sem spjalla yfir góðum morgunverði og út um gluggana blasir fagurblátt lónið við. Dagskrá gestanna fyrir daginn er tilbúin. Hún felur í sér ógleymanlegar stundir í lóni sem er umvafið hrauni, nuddmeðferð í fallegri vík og spa upplifun þar sem einstök náttúruefni Bláa Lónsins spila lykilhlutverk fyrir líkama og sál. Þegar kvöldu tekur verður engu líkt að njóta kvöldverðar áður en fylgst er með norðurljósunum yfirtaka stjörnubjartan himininn. Að síðustu tekur hlýlegt hótelherbergið á móti endurnærðum gestum.

**Við leitum að reynslumiklum hótelstjóra til þess að leiða Bláa Lónið með okkur inn í nýja tíma. Árið 2017 markar upphaf nýs kafla hjá Bláa Lóninu þegar nýtt hraunupplifunarsvæði og 60 herbergja lúxushótel verður opnað gestum.**

Nánari upplýsingar á [hotelmanager.bluelagoon.is](http://hotelmanager.bluelagoon.is)

**BLUE LAGOON**  
ICELAND



EM-TILBOÐ  
**21%**  
AFSLÁTTUR



**ETHAN**  
Hornsófi 2H2. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 348 x 257 x 97 cm

**369.990 kr. ~~469.990 kr.~~**



IDdesign

**KIRUNA**

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

**189.990 kr. ~~239.990 kr.~~**

EM-TILBOÐ

**20%**

AFSLÁTTUR



IDdesign

**KIRUNA**

Hornsófi með hvíld. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 236 x 200 x 78 cm

**149.990 kr. ~~199.990 kr.~~**

EM-TILBOÐ

**25%**

AFSLÁTTUR



**KENYA**

Hægindastóll. Grábrúnt slitsterkt áklæði.

**39.990 kr. ~~59.990 kr.~~**

EM-TILBOÐ

**33%**

AFSLÁTTUR



**MINO**

Hægindastóll. Svart, brúnt PU-leður og grátt áklæði.

**39.990 kr. ~~54.990 kr.~~**

EM-TILBOÐ

**27%**

AFSLÁTTUR



EM-TILBOÐ

**35%**

AFSLÁTTUR

**BRIGHTON**

Vandað þriggja + tveggja sæta danskt sófasett. Eikargrind með svörtu leðri.

Stærð 3ja sæta: 204 x 80 x 77 cm  
Stærð 2ja sæta: 150 x 80 x 77 cm



**379.990 kr.**

**~~589.990 kr.~~**

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



# EM-TILBOÐ



## UMBRIA

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 330 x 265 x 78 cm. Aukahlutur á mynd: Hnakkapúði.

**335.990 kr.** ~~419.990 kr.~~

EM-TILBOÐ  
**20%**  
AFSLÁTTUR

## COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Hvítt eða svart bongo áklæði. Einnig fáanlegur í gráu áklæði. Stærð: 305 x 215 x 84 cm. Einnig fáanlegur 285 cm breiður.



**299.990 kr.**

~~399.990 kr.~~

EM-TILBOÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR

# EM-STÓLLINN FRÁ

LA Z BOY®

EM-TILBOÐ  
**30%**  
AFSLÁTTUR

## Adam

Stílhreinn La-Z-Boy hægindastóll. Fáanlegur í leðri og áklæði. Leðurútgáfan fáanleg bæði rafdrifin og án rafmagns. Stærð: B: 82 x D: 98 x H: 104 cm



ADAM Í ÁKLÆÐI

**97.990 kr.**

~~139.990 kr.~~

ADAM Í LEÐRI

**132.990 kr.**

~~189.990 kr.~~

ADAM RAFDRIFINN Í LEÐRI

**216.990 kr.**

~~309.990 kr.~~



Þú finnur nýja EM-tilboðsbæklinginn á [www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)

HÚSGAGNA  
HÖLLIN





7

Cristiano Ronaldo er mættur til leiks á sjöunda stórmótið sitt á ferlinum en hann er aðeins 31 árs gamall.

27/9

Cristiano Ronaldo hefur spilað 27 leiki á stórmótum og skorað níu mörk.

» Cristiano Ronaldo getur bætt þrjú met á Evrópumótiinu í Frakklandi.

» Ronaldo getur orðið fyrstur til að skora í fjórum lokamótum Evrópumótsins.

» Ronaldo vantar tvo leiki til að jafna leikjemet Frakkans Lillian Thurams og Hollendingins Edwin Van der Sar á lokamóti EM.

» Ronaldo vantar þrjú mörk til að jafna markamet Michel Platini á lokamóti EM.

Cristiano Ronaldo er mættur með öflugum landsliði Portúgals á Evrópumótið en með hann í liðinu eru Portúgalar til alls líklegir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Suður England 12. – 17. ágúst

Sjö daga ferð um Suður England  
Ein af vinsælustu ferðunum okkar

Ekið um borgir og þorp í hjarta Englands og komið víða við. Skemmtileg og fræðandi ferð. Skoðunarferðir alla daga og hálf fæði innifalið. Flogið með Icelandair. Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson  
Verð frá 174.200,-

**GJ** Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar  
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is

**TJALDVAGN**



**Comabche Montana Explorer Tjaldvagnar 2016/17**  
Með fortjaldi, yfirbreyðslu, ferðagrind og 13" felgur.  
VERÐ 1.180.000.-kr. með vsk.  
Vörunúmer: 820 PA10120

**Poulsen**  
partur af lífinu  
Skeifan 2  
S: 530 5900 | poulsen.is

# Agaðri Portúgalar en við höfum vanist

Ólafur Kristjánsson hefur leikgreint portúgalska landsliðið fyrir það íslenska en liðin mætast í fyrsta leik sínum á EM. Ólafur segir að Ísland eigi alltaf möguleika, sama þótt strákarnir okkar mæti sterkum liðum eins og Portúgal.



**EM2016**  
Eiríkur Stefán Ásgeirsson  
eirukur@365.is

**FÓTBOLTI** „Mér liður eins og ég sé orðinn góðvinur leikmannanna,“ segir Ólafur Kristjánsson, verðandi þjálfari Randers í Danmörku og svokallaður njósnari fyrir íslenska landsliðið.

Ég hitti Ólaf í miðbæ Annecy, bæjarins fagra sem íslenska landsliðið mun kalla heimili sitt næstu vikurnar. Íslenska liðið er nú búíð að dvelja þar í nokkra dag en þetta var fyrsta ferð Ólafs inn í miðbæinn.

„Ég hef einfaldlega verið á fullu að vinna,“ segir Ólafur sem hefur haft það hlutverk að leikgreina lið Portúgals fyrir þá Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímsson landsliðsþjálfara.

Ólafur hefur vitanlega séð alla leiki Portúgals í undankeppni EM og vináttulandsleikina þar að auki. Hann var á staðnum þegar Portúgal mætti bæði Englandi og Noregi en eftir þá unnu Portúgalar afar sannfærandi 7-0 sigur á Eistlandi.

**Allir eiga slæma daga**

Ólafur segir að þó svo að öllum sé ljóst að Portúgal sé með ógnarsterkt lið með Cristiano Ronaldo, einn besta leikmann heims, fremstan í flokki, hafi öll lið sínar brotalamir og veikleika.

„Við vitum að menn eins og Ronaldo, Ricardo Quaresma, Nani og fleiri eru frábærir knattspyrnumenn en þeir eru mannlegir eins

Spila þeir 4-4-2 eða 4-3-3? Þú getur alveg eins sagt að þeir spili 7-9-13.

Ólafur Kristjánsson



og aðrir og eiga sínu slæmu daga,“ segir Ólafur.

„En þeir vita líka mjög vel hverjir þeirra styrkleikar eru og þeir eru góðir að keyra sig upp í að nýta þá til hins ýtrasta.“

**Einbeittir og agaðir**

Ólafur vill eðlilega ekki tjá sig mikið um hvernig Ísland á að leggja upp leikinn gegn Portúgal á þriðjudag, það sé hlutverk þjálfaranna. En hann segir að Ísland eigi ávallt möguleika, nái okkar menn sínu besta fram.

„Okkar möguleikar felast í því að vera jafn grimmir og ákveðnir og við vorum í stóru leikjunum í undankeppninni. Að sama skapi verður maður að vona að Portúgal komist ekki í fimmta gir.“

Hann segir ólíklegt að gera á einhvern hátt ráð fyrir því að lið Portúgals muni vanmeta lið Íslands og sýna kæruleysi í fyrsta leik sínum á EM.

„Ef það gerist þá verður það algjörlega ómeðvitað. Þjálfarinn þeirra hefur líka talað þannig að það séu allir mjög einbeittir og agaðir. Ísland fór í gegnum erfiðan

riðil í undankeppninni og það er ekki hægt að vanmeta neitt lið sem er komið inn á EM.“

**Tími Portúgals loks kominn?**

Eins og Ólafur bendir réttilega á hefur Portúgal aldrei náð að standa almennilega undir væntingum á stórmótum eftir að liðið komst í úrslitaleikinn á EM 2004 á heimavelli, þá með Ronaldo ungan innanborðs.

„Við höfum þekkt Portúgal sem mikið sóknarlið en staðreyndin er sú að liðið í dag er mjög agað, líka án bolta og í varnarleik sínum. Það getur svo beitt afar fjölbreyttum sóknarleik og þeir eru til dæmis ekki smeykir við að senda upp langa bolta og fara á bak við andstæðinginn. Þeir geta líka farið í fyrirgjafir mjög snemma. Það er verið að spila á mjög marga strengi hjá þeim.“

**Hægir í vörninni**

Ólafur segir erfitt að setja leikkerfi Portúgals í ákveðinn flokk. Leikstíll liðsins sé breytilegur. „Spila þeir 4-4-2 eða 4-3-3? Þú getur alveg eins sagt að þeir spili 7-9-13. Það er það mikil hreyfing og skilningur hjá þessu liði,“ segir Ólafur sem segir að liðið geti farið langt í Frakklandi.

„Helstu veikleikar liðsins felast ef til vill í því að það er farið að hægjast á miðvörðunum þeirra. Það gæti hentað liðinu illa að spila gegn liði með snögga framherja. Portúgal gæti því farið langt en getur líka lent snemma á liði sem hentar því illa.“

Leikur Íslands og Portúgals fer fram í St. Etienne á þriðjudag.



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÓDÝRARA**  
AÐ KRYDDA SJÁLFR



**1.498**  
kr. kg

KS Lambalærissneiðar  
Frosnar

**100%**  
Íslenskt  
ungnautakjöt



**1.698**  
kr. kg

**200kr**  
verðlækkun pr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk  
Verð áður 1898 kr. kg

**100%**  
Íslenskt  
ungnautakjöt



**549**  
kr. 2x120 g

**579**  
kr. 2x140 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar  
2x140 g eða 2x120 g

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS



**100% SAFI**

**198**  
kr. 1 l

Floridaana Heilsusafi  
1 lítri



**59**  
kr. 250 ml

Floridaana Heilsusafi  
250 ml



**159**  
kr. 500 ml

Gatorade Cool Blue  
500 ml

**Orkudrykkur**  
Líka til sykurlaus



**59**  
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur  
250 ml, 2 teg.



**139**  
kr. stk.

Bónus Kornbrauð  
500 g



**198**  
kr. stk.

Íslenski Fáninn  
50x70 cm



**198**  
kr. stk.

Brjóstsykur Snuð  
70 g, margar teg.



**259**  
kr. 250 g

Sykurpúðar  
250 g



**98**  
kr. 20 g

Candyfloss  
20 g



**1.298**  
kr. stk.

Áfram Ísland Trefill

**ÁFRAM ÍSLAND**



**498**  
kr. stk.

Áfram Ísland Húfa, 2 teg.



**298**  
kr. stk.

Áfram Ísland Buff



**598**  
kr. stk.

Áfram Ísland Derhúfa

# BÓNUS EKKERT BRUÐL





Hér má sjá nokkra meðlimi úr sveitunum sem koma fram í Lucky Records í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Mikill uppgangur í pönkinu

Fjórar pönksveitir spila á tónleikum í Lucky Records í kvöld. Júlía Aradóttir segir mikinn kraft í pönkinu um þessar mundir og margar konur í senunni. Auk þess heldur hljómsveitin Sveimur sína fyrstu tónleika í búðinni í dag.

Viktória Hermansdóttir  
viktoria@frettabladid.is



**P**önksenan er mjög virk núna og mikið að gerast," segir Júlía Aradóttir sem stendur fyrir tónleikum í Lucky Records í kvöld ásamt Þóri, eiginmanni sínum. Fram koma pönksveitirnar Dauð-

yflin, Roht, Kvöl og Antimony. „Ég er ásamt nokkrum öðrum í hóp sem við köllum Paradisborgarplötur eða Pbp. Við erum dugleg að halda tónleika, spila í hljómsveitum og gefa út plötur.“

Júlía segir mikinn uppgang vera í pönksenunni um þessar mundir og margar konur séu í pönkinu. „Pönksenan hefur gengið í gegnum ýmislegt undanfarnin ár en þetta er stórt núna.

Það eru margir virkir og flottir einstaklingar að halda utan um þetta. Það eru margir að halda tónleika og gera ýmislegt. Það er líka skemmtilegt að á þessum tónleikum sem við erum með í kvöld þá koma fram fimm konur og fjórir karlar. Það eru margar konur í pönkinu, örugglega fleiri en í mörgum öðrum tónlistarsenum.“

Júlía segir að Lucky Records sé í miklu uppáhaldi sem tónleikastaður.



**ÞAÐ ERU MARGAR KONUR**

**Í PÖNKINU, ÖRUGGLEGA**

**FLEIRI EN Í MÖRGUM**

**ÖÐRUM TÓNLISTARSENUM.**

„Okkur finnst frábært að spila þarna. Það eru ekki margir staðir þar sem allir aldurshópar geta komið og það er aðgengi fyrir alla. Það skiptir okkur miklu máli.“

Þetta eru ekki einu tónleikarnir í Lucky Records í dag því hljómsveitin Sveimur heldur sína fyrstu tónleika þar klukkan 16. Pönktónleikarnir hefjast klukkan 20 og það er ókeypis á báða tónleikana.

## Hvað á að gera um helgina?

### FARÐU

í The Color Run hlaupið. Litagleðin er svo sannarlega við völd í þessu litríkasta hlaupi ársins sem er í dag klukkan 11.



Ása Ottesen markaðsfulltrúi

### UNDIRBYR KOMU BARN

Þar sem það verður víst ekki mikil sól hér í höfuðborginni ætla ég að eyða helginni í að klára setja saman IKEA-húsgögn og hengja upp myndir fyrir væntanlega dóttur mína sem kemur í heiminn í næsta mánuði. Ég ætla líka að baka pitsu og slappa af í sundi.



### LESTU

bókina Íslensk ofurfæða-villt og tamin, eftir Áslaugu Snorradóttur. Í bókinni kennir Áslaug lesendum að nota næringarríkan og góðan mat úr okkar nærumhverfi.



### RÚNTAR Á NÝJA BÍLNUM

„Ég verð í Grindavík við þjálfun U15 ára landsliðs drengja, en liðið undirbyr sig fyrir för til Danmerkur. Á sunnudeginum verð ég svo á fréttavakt fyrir kvöldfréttir Stöðvar 2. Þess á milli verð ég rúntandi um götur bæjarins með fjöllum á nýja bílnum okkar.“

Kjartan Atli Kjartansson, útvarpsmaður



### HLUSTAÐU

á nýju plötu hljómsveitarinnar Kaleo sem kom út á föstudaginn. Þetta er önnur plata sveitarinnar og ber nafnið A/B.



Hugrún Halldórsdóttir, sjónvarpskona

Helgin verður undirlögð af EM líkt og næstu 30 dagar. Ég er að sjá um þáttinn EM svítuna og EM á 30 mínútum í Sjónvarpi Símans og fylgist því með öllu mótinu. Ég ætla samt að reyna komast líka í nudd um helgina en annars er það bara boltinn.

### HORFÐU

Á lokabátt Battlað í borginni á Stöð 2. Undanfarna sunnudaga hefur Lóa Pind gefið áhorfendum innýrn inn í líf fimm hæfileikaríkra unglinga af erlendum uppruna.





Frá kr.  
**49.995**

Allt að  
**48.000** kr.  
afsláttur á mann

# SÓL Á SPOTTÞRÍS

## KRÍT



Allt að 47.000 kr. afsláttur á mann

Stökktu 🌞🌞+

**Frá kr. 84.845 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 84.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó.  
Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.  
16. júní í 11 nætur.

## SALOU



Allt að 35.000 kr. afsláttur á mann

Villa Romana 🌞🌞🌞

**Frá kr. 76.395 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 76.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.  
Netverð á mann frá kr. 98.795 m.v. 2 fullorðna í herbergi.  
17. júní í 7 nætur.

## BENIDORM



Allt að 40.000 kr. afsláttur á mann

Hotel Deloix 🌞🌞🌞

**Frá kr. 91.605 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 91.605 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.  
Netverð á mann frá kr. 117.555 m.v. 2 fullorðna í herbergi.  
19. júní í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



Allt að 43.000 kr. afsláttur á mann

Aguamarina Aparthotel 🌞🌞🌞

**Frá kr. 80.230 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 80.230 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó.  
Netverð á mann frá kr. 109.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.  
20. júní í 10 nætur.

## TENERIFE



Allt að 30.000 kr. afsláttur á mann

Tamaimo Tropical 🌞🌞🌞

**Frá kr. 99.795 m/allt innifalið**

Porto Platanias Village 4\*  
Netverð á mann frá kr. 99.95 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 105.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.  
22. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA




Allt að 35.000 kr. afsláttur á mann

H3 Laguna Playa 🌞🌞🌞

**Frá kr. 71.695 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 71.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.  
Netverð á mann frá kr. 97.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.  
23. júní í 11 nætur.

## KRÍT



Allt að 45.000 kr. afsláttur á mann

Porto Platanias Village 🌞🌞🌞

**Frá kr. 124.095 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 124.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.  
Netverð á mann frá kr. 169.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.  
27. júní í 10 nætur.

## TENERIFE



Allt að 48.000 kr. afsláttur á mann

Arena Suites Apartments 🌞🌞🌞

**Frá kr. 49.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.  
Netverð á mann frá kr. 62.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.  
29. júní í 7 nætur.



# NÝ VERSLUN E

OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA 11.-12. JÚNÍ - ÞETTA ER

50 stk.

Verð áður 199.995

**129.995**

eða 11.617 kr. á mánuði  
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 139.405 kr. - ÁHK 13,3%

Þú sparar  
**70.000**

65"

HD  
TV  
1080p

OOHz skjár

3xHDMI

24W  
háttalarar

**400**

glæsileg tilboð  
Sjá grandinn.is  
**ELKO**

**JVC**

SJÓNVARP

- 65" JVC sjónvarp með Full HD upplausn
- Þunnur rammi og góðir tengimöguleikar

LT65E75

40 stk.

Verð áður 22.995

**13.795**

800

Vött

23

Litra

**KENWOOD**

ÖRBYLGJUOFN

- Stafrænn örbylgjuofn í ryðfríu stáli
- Sjálfvirk kerfi og afþjöðing
- 27 cm s'núningsdiskur

K23MSS15E

50 stk.

Verð áður 7.995

**2.995**

DVD

**63%**  
afsláttur



# ELKO GRANDA

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU. SJÁ NÁNAR Á GRANDINN.IS

25 stk.

Verð áður 79.995

**55.555**

eða 5.197 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Átt 62.359 kr. - ÁHK 23,1%

A+++ 7 1400  
Orkuflokkur Kg Snúninga



#### ÞVOTTAVÉL

- 7 kg þvottavél með 1400 sn. vindu og 44% raka
- Beindrífinn kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- Sjálfvirk magnskynjun sem stýttir þvottatíma
- Ullar- og ofnæmiskerfi og 6 mótoreytingar

F14AV7

**31%  
afsláttur**

50 stk.

Sími sem þolir meira en aðrir  
MIL-STD-810G og IP-67 vottun

Verð áður 39.995

**29.995**

#### SAMSUNG

##### GSM-XCOVER 3

- IP-67 og með MIL-STD-810 vottaður
- 4,5" snertiskjár (480x800)
- 4G, 5 Mpix myndavél, 720p@30fps
- 4 kjarna 1.2GHz örgjörvi, 8GB, 1,5GB vinnsluminni

SAMG388FDSIL

**25%  
afsláttur**

100 stk.

Verð áður 19.995

**15.995**

#### BOSE

##### SOUNDLINK® COLOR

- Þráðlaus tenging – Bluetooth
- Lithium-ion hleðslurafhlada
- Allt að 8 klst. rafhlöðuending
- Mini-jack hljóðinngangur
- 5 litir í boði



**20%  
afsláttur**

64112-3-4-5-6

250 stk.

Verð áður 1.995

**895**

#### Kingston

##### MINNISLYKILL DATATRAVELLER G4

- USB 3.0. virkar einnig fyrir 2.0
- Virkar með öllum stýrikerfum
- Öruggur og áreiðanlegur

DTG416GB

**60%  
afsláttur**

OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA GILDA 11.-12. JÚNÍ  
EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. TAKMARKAÐ MAGN.  
EITT STK. Á MANN. OPNUM KL. 11 LAU. OG KL. 12 SUN.  
GILDIR EKKI Í ÖÐRUM VERSLUNUM.

ELKO  
GRANDA





Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



S umir krakkar búa sér til ímyndaðar ofurhetjur í huganum en ég þurfti þess aldrei, ég átti mína ofurhetju og hún var alvöru," segir Elín Hekla Klemenzdóttir móttökuritari brosandis og horfir aðdáunaraugum á Kjartan Magnússon, lækni og lífgjafa sinn. Hún er stödd á heimili hans í Garðabæ, ásamt tveimur af þremur börnum Kjartans, þeim Sveini lækni og Júlíönu fiðluleikara.

Kjartan og María, skurðhjúkrunarfræðingur og vinkona hans, hafa lagt dýrindis veisluföng á borð. Það er hátíð, haldin til að fagna endurfundum Heklu og Kjartans í tilefni af upprifjun hans á því þegar hann sá hana fyrst á dimmu haustkvöldi árið 1960. Þá var hún innvafin í bómullarstranga, agnarsmá enda nýkomin í heiminn þremur mánuðum á undan áætlun, en andaði – og hann ákvað að freista þess að glæða lífsneista hennar.

Frá þessari reynslu segir hann í grein í nýútkomnu hefti Lækna- blaðsins og rifjar þá sögu líka fúslega upp fyrir blaðamanni Fréttablaðsins sem er fluga á vegg í partíinu.

#### Lítill búkur í bómullarvafningi

„Ég bjó á Selfossi um tíma í byrjun 7. áratugarins með konu minni, Snjólaugu Sveinsdóttur tannlækni, og börnum okkar þremur. Var bara áhyggjulaus eitthvað að dunda seint um kvöld þegar lækni-rinn á Hellu hringdi og bað mig liðsinnis. Hann var staddur á Hólum, efsta bænum á Rangárvöllum. Erla, dóttir hjónanna þar, sem reyndar var flutt á Selfoss en var í heimsókn hjá foreldrum sínum, hafði misst föstur, komin sex mánuði á leið. Fylgjan sat hins vegar föst.



#### SVO VORUM VIÐ FERÐA-

#### FÉLAGARNIR BÚNIR AÐ

#### ÞIGGJA KAFFI OG MEÐ-

#### LÆTI Í ELDHÚSINU OG

#### ÆTLUÐUM AÐ FARA AÐ

#### KVEÐJA ÞEGAR HARALDUR

#### BÓNDI SEGIR: „EN HVAD Á

#### AÐ GERA VIÐ BARNIÐ?“

Ég var sérfræðingur í fæðingarrátt og fannst auðvitað sjálfsagt að reyna að leysa úr þessu vandamáli svo ég fékk lögregluna til að keyra mig í myrkrinu þarna upp eftir og var kominn að Hólum um miðnætti. Þar var ekkert rafmagn og því var skuggsýnt innanhúss en hins vegar vel hlýtt.

Mér gekk ágætlega að losa fylgju- una og Erla var sáemilega frísk en frekar döpur eins og eðlilegt var. Svo vorum við ferðafélagarnir búnir að þiggja kaffi og meðlæti í eldhúsinu og ætluðum að fara að kveðja þegar Haraldur bóndi segir: „En hvað á að gera við barnið?“

Mér hafði skilist í símanum að um fösturlát væri að ræða en nú var mér vísað á hvítan bómullarvafning sem var á divan í herberginu hjá Erlu og inni í honum var ofurlítill stúlka, líkaminn var líkastur fjaðralausum kjúklingi og andlitið eldrautt og grett, en mér til undrunar andaði hún. Ég fékk leyfi móðurinnar til að taka hana með til Selfoss. Því var hún vafin aftur inn í bómullina og henni komið fyrir í kassa undan skóm númer 43. Ég settist í farþegasætið á bílnum og hélt kassanum á lofti með útréttum höndum til að hann hristist sem allra minnst þó vegurinn væri holóttur.“




„Ég átti alltaf mína ofurhetju,“ segir Hekla hræð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mér til undrunar andaði stúlkan

Miklir fagnaðarfundir áttu sér stað nýlega þegar Elín Hekla Klemenzdóttir heimsótti Kjartan Magnússon lækni sem með hárréttum viðbrögðum tókst að bjarga lífi hennar við frumstæð skilyrði þegar hún hafði skotist í heiminn tólf vikum fyrir tímenn fyrir tæpum fimmtíu og sex árum. Fæðingin átti sér stað á bænum Hólum, við rætur eldfjallsins Heklu.



# Jack Reacher eins og hann gerist bestur!



---

„Ein sú besta um Reacher ...  
háspenna frá upphafi til enda.“

THE MIAMI HERALD

„Meistaraleg bygging, lausnin kemur  
sannarlega á óvart, frábær flétta.“

THE WASHINGTON TIMES

„Reacher-bókin sem  
lesendur hafa beðið eftir.“

USA TODAY

„Þú getur ekki lagt hana frá þér.“

THE WALL STREET JOURNAL

---





## HEKLA BARÐIST FYRIR LÍFI SÍNU Í MARGA SÓLARHRINGA, FYRIRBURAEINKENNIN VORU GREINILEG Á LÍKAMANUM OG AÐSTÆÐURNAR AUÐVITAÐ MJÖG FRUMSTÆÐAR.

**Mjólkinni sprautað niður í maga** Ferðin varð árangursríkari en Kjartan óraði fyrir því fóstrið sem hafði yfirgefið móðurkvið þremur mánuðum fyrir tímenn er sem sagt í dag þessi alheilbrigða og glaðlega þriggja barna móðir sem stódd er í stofunni hans – hún Hekla. Þar sem við sitjum til borðs er Kjartan spurður hvaða hugsanir hafi brotist um í honum í bilnum á leið til Selfoss.

„Ég hafði aldrei lent í neinu svipuðu áður en reyndi auðvitað að sjá fyrir mér hvaða möguleikar væru í stöðunni og beita rökhugsun sem er mikilvægast við svona aðstæður.“ Hann segir engan sýrefniskassa hafa verið til á Selfossi á þessum tíma. Þeir hafi hins vegar verið komnir á Landspítalann en þar hafi fólk samt verið í vandræðum. „Það var svo erfitt að tempra sýrefnið í kössunum og það gat farið illa með sjónina í börnunum,“ lýsir hann og þætir við brosandí að Hekla hafi þegar upp var staðið, verið heppin að vera bara sett í skókassa!

„Þegar við komum á Selfoss fékk Hekla sérherbergi á sjúkrahúsinu sem þá var starfrækt í íbúðarhúsi á tveimur hæðum,“ rifjar Kjartan upp. „Þar stungum við rafmagnsöfnu með þremur strengjum í samband til að fira upp og líka hraðsuðukatli með vatni til að fá góðan raka. Svo var þessi örsmái líkami lagður nakinn í tandurhreit sjúkrarúm sem var ætlað fyrir fulloröna en ekkert breitt ofan á hann.

Auðvitað varð að næra litla krílið og ég var svo heppinn að ein kona lá inni á spítalanum sem var nýbúin að fæða og hjá henni fékk ég strax brjóstamjólki.“ Hann kveðst hafa komið mjólkinni ofan í barnið með því að þræða örmjóa slöngu niður í kok þess og ofan í maga. „Þetta var slanga sem var ætluð til að setja upp þvaglegg en þarna virkaði hún eins og sona,“ segir hann og kveðst hafa sprautað

nokkrum millilitrum af mjólk niður um slönguna og endurtekið það á þriggja tíma fresti.

Kjartan viderkennir að lífshorfur litlu stúlkunnar hafi verið litlar í byrjun. „Hekla barðist fyrir lífi sínu í marga sólarhringa, fyrirburaeinkennin voru greinileg á líkamanum og aðstæðurnar auðvitað mjög frumstæðar. Hún var 1.000 grömm í upphafi, fjórar merkur, og fór aðeins niður fyrir þá þyngd um tíma en svo braggadist hún og það var alveg dásamlegt að fylgjast með henni. Það var líka mikil alúð lögð í umönnun hennar á spítalanum. Allir vonuðu það besta. Við fengum mjólk handa henni hjá konum á Selfossi sem voru með börn á brjósti þannig að samhljálpin var mikil. Smám saman hættum við með sonduna og sú stutta fór að taka við sjálf.“

**Hekla hugsanlega örlagavaldur** Sveinn, sonur Kjartans sem er sérfræðingur í fyrirburafæðingum, segir ráðstafanir föður síns við þessar aðstæður hafa allar verið hárréttar og skipt sköpum fyrir Heklu. Hann var níu ára þegar þessi atburður átti sér stað og man vel eftir honum. „Ég fékk oft að horfa á þessa pinulitlu stúlkun í stóra rúminu í gegnum gler. Enginn fékk að fara inn til hennar nema fólk sem sinnti henni. Mér þótti átakanlegt að sjá hana gráta og auðvitað hefur öllum fundist það en jafnframt var það hreystimerki og þannig hreinsaði hún og styrkti lungun.“

Sveinn þvertur ekki fyrir að Hekla sé áhrifavaldur í lífi hans því hann valdi sér fyrirburafæðingar sem sérgrein í lækisfræðinni og starfar nú við þær á Landspítalanum. Það gerir dóttir hans líka. „Ég hef oft hugsað um það að kannski sé það einmitt þessi stelpa sem sé orsök þess,“ segir hann brosandí og bendir á Heklu.

En hvað um foreldrana. Fengu

Föstudagur 27. janúar 1961

MORCUNRI ABID

# Hekla litla

„FYRIR um tveimur og hálfum mánuði fæddi kona ófullburða barn að Hólum á Rangárvöllum. Móðirin hafði áðeins gengið með í 6 mánuði. Hún var í heimsókn hjá foreldrum sínum, en sjálf býr hún á Selfossi.“

Þetta eru upphafsorð baksiðufréttar í Mbl. 2. des. s.l. Barnið, sem var áðeins 4 merkur, er það kom í þennan heim, óst upp í sjúkrahúsinu á Selfossi fram til áramóta undir handleiðsju Kjartans Magnússonar sjúkráðslæknis og hjúkrunarfróðs hans.

Hekla litla, en það nafn gaf lækni frá Selfossi barninu, er nú orðin tæpar 17 merkur og var hin sprækasta, er blaðamaður Mbl. heimsótti hana og foreldra hennar á Selfossi fyrir skömmu. Hún heilsaði með orgi, spríklendi með fótunum og renndi augunum sitt á hvað um herbergið.

Hún er orðin syfjuð, sagði faðir hennar og ruggaði henni í kórfinni fram og aftur.

— Gefðu henni smúðið, sagði blaðamaðurinn.

— Hún vill ekki smúð, sagði móðir hennar.

— Eg var í vandræðum með að venja mín af smúðinu, sagði blaðamaðurinn.

— Sú eldri vildi heldur ekki smúð, sagði faðir hennar.

— Hvað er hún gömul?

— Tveggja ára.

— Og heitir?

— Katrín Stefánía.

— Fer sú stutta að halda nafninu?

— Eg veit nú ekki, sagði móðir hennar.

— Þetta er sögulegt nafn.

— Já, sagði faðir hennar, en það getur verið að henni verði strítt á nafninu, einhver gæti til dæmis sagt, að nú væri Hekla farin að gjósa.

— Heldurðu að hún verði skapmikil?

— Já, ef hún líkast þeirri eldri.

— Hekla, sagði systir hennar og beygði sig yfir kórfinu.

— Er hún ekkert afbrýðisöm?



Hekla í kórfinni sinni.

(Ljós. Sv. Þormóðsson).

— Var hún nokkuð óróleg hjá ykkur fyrst?

— Nei, henni virðist ekkert hafa orðið um umskiptin. Eg fékk að fara inn til hennar á spítalanum, svo hún gæti van íst mér, sagði móðir hennar.

— Hún fær danskt þurrmjólkurduft á fjöggra tíma fresti, annað ekki.

— Hvenær má hún fá venju leggt ungbarnafæði?

— Eftir miðjan febrúar.

— Mig langar til að koma á framfæri þakklæti til allra þeirra kvenna, sem gáfu henni brjóstamjólki, þegar hún mátti ekki fá annað, sagði faðir hennar.

— Og til ljósmóðurinnar, sem tók á móti henni, sagði móðir hennar, Jónínu á Keldum.

— Já, hún á líf sitt mörgum að þakka, sagði faðir hennar.

— Hvað var hún langan tíma í spítalanum?

— Þrjú og hálfan mánuð, sagði móðir hennar.

— Hún verður alltaf þrem mánuðum eldri en hún á að vera, sagði faðir hennar.

— Nema við tökum upp kín versku aðferðina.

— Já, þeir telja aldur barns frá því það kemur undir, sagði faðir hennar, það er ekki svo vitlaust.

— Svo er bara strákurinn eftir.

— Já, sagði faðir hennar.

## er orðin 17 merkur

— Jú, dálítið, sagði móðir hennar.

— Það hefur verið gaman fyrir ykkur og fá litla krílið heim.

— Já, það var hátíðisdagur, sagði faðir hennar og hélt áfram að rugga henni.

— Eru ekki tilfinningar ykkar öðru vísi gagnvart henni en hinni?

— Jú, sagði móðir hennar, en okkur þykir auðvitað vænt um báðar.

— Hvernig öðru vísi?

— Mér finnst ég verða að gæta hennar betur, sagði faðir hennar, og það á líka við um móður hennar.

— Við vorum auðvitað hrædd um hana, sagði móðir hennar.

— Eg segi fyrir mig, sagði faðir hennar, að ég má aldrei heyra í henni, þá fer ég til hennar.

— En það er ekkert að óttast lengur, sagði móðir hennar.



Þessa mynd tók séra Kári Valsson gegnum glugga á sjúkrahúsinu í nóvember, þegar Hekla var áðeins 5 merkur.

ar, hún er að öllu leyti eins og önnur börn.

— Já, ég sé það.

— Hún hefur alveg eðlilega skynjun, segja lækarnir.

strákurinn er eftir, hvenær sem það verður.

Hjónin horfðu brosandí hvort á annað og síðan á Heklu litlu, sem — víti menn — brosti líka. Þá var komið að Sveini Þormóðssyni að myndla fjölskylduna.

l.e.s.

Móðir Heklu, Sigríður Erla Haraldsdóttir og faðir hennar, Klemenz Erlingsson með Heklu litlu og Katrínu.



Móðir Heklu, Sigríður Erla Haraldsdóttir, og faðir hennar, Klemenz Erlingsson, með Heklu litlu og Katrínu.

Grein af www.timarit.is

þeir ekki að fylgjast með þessari litlu dóttur sinni sem flýtti sér svona í heiminn? Kjartan svarar því: „Auðvitað fylgdust þeir vel með en af því að Hekla var ekki í sýrefniskassa var hún ansi óvarin fyrir sýkingum og ónæmiskerfi fyrirbura er veikt. Því var hún í einangrun og einungis þeir sem sinntu henni máttu umgangast hana, eins og Sveinn segir. Það var því ekki fyrr en eftir þrjú mánuði sem foreldrarnir máttu taka við henni. Þá var hún komin í eðlilega fæðingarþyngd og var hin sprækasta.“

Kjartan segir litlu stúlkuna strax hafa verið kallaða Heklu af starfsfólki spítalans. „Ég held það hafi verið Snjólaug, kona mín, sem fyrst nefndi hana það. Síðar var hún svo skírð Elin Hekla en alltaf kölluð Hekla.“ Hann kveðst hafa fylgst vel með henni og átt afar góð samskipti við fólk í Hólum eftir þetta. „Strákarnir mínir, bæði Sveinn og Jóhann, voru til sumardvalar þar

## Fékk að sjá hana gegnum gler

„Mér var aldrei sagt að barnið væri dáíð en það var fyrst þegar Kjartan var kominn til okkar sem ég vissi að það væri lífsmark með því. Þá fóru hlutirnir að gerast. Ég fékk fréttir af litlu stúlkunni minni en ég var mjög slöpp á þessum tíma. Hún var orðin tveggja vikna þegar ég hafði heilsu til að fara niður á Selfoss. Þá fékk ég að sjá hana í gegnum gler. Þetta var erfitt meðan á því stóð en dásamlegt þegar upp var staðið.“

Sigríður Erla Haraldsdóttir, móðir Heklu.

mörg næstu ár og fleiri drengir í fjölskyldunni og Júlíana var á næsta bæ, Næfurholti. Í mínum huga er fólk á þessum bæjum afburðafólk.“

Hekla rifjar upp þegar Jóhann kom fyrst að Hólum. Hann er ári eldri en hún og þau voru send saman eftir kúnum fyrsta kvöldið hans í sveitinni. „Ég ákvað að virða Jóa ekki viðlits en þegar ég gjóaði á hann augunum tók ég eftir að

honum var algerlega slétt sama. Það fannst mér svo töff hjá honum að ég tók hann í sátt. Við urðum því líkir vinir að við grétum alltaf bæði þegar hann fór heim á haustin.“ Hún er líka hræð yfir þessari stund með fjölskyldunni, þó Jóhann vanti reyndar í hópinn. „Ég er svo þakklát fyrir að hafa verið boðin hingað og að fá að heyra söguna af fæðingu minni í fyrsta sinn af munnri hetjunnar minnar.“

## Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.rex.no • www.markisur.is  
Veðrið verður ekkert vandamál



Starmýri 2a 108 Rvk

Nánari upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

REX

Ísfrjáfesting ehf.



# Nýtt veitingahús í Þrastalundi óskar eftir starfsfólki

Veitingahúsið í Þrastalundi leitar að öflugum rekstrarstjóra til að sjá um daglegan rekstur og starfsmannahald á nýjum veitingastað sem verður með:



- Eldbakaðar pizzur
- Ítalskan ís
- Bakarí
- Sveitaverslun
- Veitingastað

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í veitingarekstri, ríka þjónustulund og óbilandi metnað.

Einnig vantar vana pizza bakara ásamt vönu fólki í afgreiðslu.

Vinsamlegast sendið ferilskrá á [sverrir@brimhotel.is](mailto:sverrir@brimhotel.is)







Það mun mikið mæða á Hannesi Þór í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR

# Var logandi hræddur um EM

**Hannes Þór Halldórsson** hefur átt erfiðan vetur eftir að hann meiddist illa á öxl á æfingu íslenska landsliðsins í haust. Alla endurhæfinguna var óvissan mikil um þátttöku hans á EM í Frakklandi.

Eiríkur Stefán  
Ásgeirsson  
eirikur@365.is



Öfanritaður var staddur í Leifsstöð þegar hann heyrði fyrst af meiðslum Hannesar Þórs Halldórssonar, aðalmarkvarðar íslenska landsliðsins. Ég var á leið til Konya í Tyrklandi til að fylgja liðinu eftir í síðasta leik þess í undankeppni EM 2016. Hannes hafði farið úr axlarlið og ljóst að hann yrði frá í marga mánuði. En farseðillinn til Frakklands var þegar tryggður og enn langt í keppni. „Hannes hefur allan veturinn til að jafna sig,“ hugsaði ég með mér og hafði vitanlega engar áhyggjur af því að hann myndi

missa af merkingarlitlum leik gegn Tyrklandi.

Hannes meiddist á æfingu daginn áður en liðið hélt út til Tyrklands. Æfingin var raunar búin og strákarnir voru að leika sér að því að skjóta á Hannes í markinu, eins og algengt er en grátlegt í ljósi aðstæðna. Fram undan var stærsta stund íslenskrar knattspyrnu, fyrsta þátttaka A-landsliðs karla í lokakeppni stórmóts og Hannes hafði gegnt lykilhlutverki í að koma liðinu til Frakklands. Ísland fékk aðeins sex mörk á sig í öllum tíu leikjum undankeppninnar og hélt Hannes íslenska markinu hreinu í alls sex leikjum.

„Ég fór um leið að hugsa um EM,“ segir Hannes þegar ég spyr hann hvað hafi verið það fyrsta sem hann hugsaði um þegar hann lá meiddur í grasinu.



**ÉG GET VIÐURKENNT  
NÚNA AÐ ÉG VAR LOGANDI  
HRÆDDUR UM AÐ EM VÆRI  
FARIÐ FRÁ MÉR.**

Hann hafði meiri áhyggjur af meiðslunum en ég, þó svo að hann hafi borið sig vel frá fyrstu stundu. Þegar hann var tæningur fór hann úr axlarlið á hinna öxlinni, þeirri vinstri, og gat því gert sér grein fyrir hvað hafði gerst og hverjar afleiðingarnar gætu orðið.

## Sendi landsliðsþjálfaranum tölvupóst

**Knattspyrnuferill Hannesar er ólíkur ferli allra annarra í íslenska landsliðinu.**

Á meðan margir þeirra voru byrjaðir að spila sem atvinnumenn í knattspyrnu níttján ára var Hannes að spila með 2. flokki Leiknis, með þrálát axlarmeidsli og gat ekki leyft sér að gera sér raunhæfar væntingar um mikinn frama á þessum vettvangi.

„Fótboltinn var fjarlægur veruleiki fyrir mig á þessum árum,“ segir Hannes sem hefur ávallt verið blóðheitur stuðningsmaður landsliðsins. Sérstaklega sem ungur maður.

Það var ekki fyrr en hann fór að geta spilað á fullu nokkrum árum síðar að hann leyfði sér að láta sig dreyma á ný. Árið 2005 spilaði hann með Aftureldingu í 2. deildinni sitt fyrsta heila tímabil og ákvað að vekja athygli á sér.

„Ég hef nú ekki greint frá þessu áður en ég sendi Eyjólfri Sverrissyni, þjálfara U-21 landsliðsins, skilaboð um að ég teldi mig eiga erindi í liðið og að hann ætti að kíkja á leiki með Aftureldingu,“ útskýrir Hannes og hlær.

„Hann svaraði mér. Sagði mér að halda áfram að standa mig og að hann myndi fylgjast með mér.“

Við tóku tímabil hjá Stjórnunni, Fram og KR og eftir hægna en stöðugan uppgang fékk hann sæti í A-landsliðinu árið 2009. Tveimur árum síðar var hann orðinn aðalmarkvörður liðsins.

„Árið 2011 samdi ég við KR og vann mér fast sæti í landsliðinu. Þá taldi ég að ég væri búinn að sýna nóg og allt eftir það væri bónus. Það hafði alltaf blundað í mér löngun til að sanna mig og sýna bæði mér og öðrum að ég væri finasti markvörður,“ segir hann.



Hann var mörg ár að jafna sig almennilega á meiðslunum í fyrra skiptið.

„Fyrsta hugsun var samt að kannski væri þetta ekki jafn slæmt og þetta getur orðið. Sumir koma til baka eftir svona lagað eftir bara nokkrar vikur. En svo kom hitt í ljós, eins og maður hefði getað sagt sér strax,“ segir Hannes mér.

### Óvissan hékk yfir mér

Ég ræddi við markvörðinn á hóteli íslenska landsliðsins í Ósló, daginn fyrir æfingaleik okkar manna við Norðmenn þann 1. júní. Hannes fékk hvíld í leiknum eftir að hafa spilað mikið með norska úrvalsdeildarliðinu Bodö/Glimt síðustu vikurnar á undan. Það kom óvænt til að Hannes spilaði í Noregi því hann er á mála hjá NEC Nijmegen í Hollandi en missti sæti sitt þar til ástralska markvarðarins Brad Jones eftir að hann meiddist.

Hann segir að það hafi aldrei verið ætlunin að fara aftur til Noregs, þar sem hann spilaði áður, en það hafi verið kærkomið til að koma sér aftur í form og vinna aftur sæti sitt í íslenska landsliðinu fyrir EM í Frakklandi. Hann gaf það alltaf út í viðtölum í vetur að hann væri bjartsýnn á góðan bata og að hann gæti byrjað að spila aftur löngu fyrir EM. En það sem ekki kom fram var að óvissan vegna meiðslanna var mjög mikil.

„Nú þegar allt þetta ferli er í bak-sýnispeglinum get ég viðurkennt að ég var logandi hræddur um að EM væri farið hjá mér og þess vegna ferillinn líka,“ segir Hannes.

„Þau skilaboð sem ég fékk frá læknum eftir aðgerðina voru að þeir tjösluðu öxlinni saman eins vel og hægt er en svo yrði bara að sjá til hvernig hún myndi gróa. Það yrði engin leið að vita það fyrr en ég byrjaði að æfa á nýjan leik. Þessa óvissu var ég með á bak við eyrað alla mína fimm mánuði í endurhæfingu.“

Hann segir að axlarmeidsli líkt og hann varð fyrir og ógnuðu ferli hans þegar hann var ungur að árum séu háalvarleg, sérstaklega fyrir markverði. „Það er fullt af fólki sem nær sér aldrei almennilega aftur og fer úr liði, aftur og aftur. Þetta var einfaldlega mjög tvísynt.“

### Áminning um EM á hverjum degi

Óhætt er að segja að Hannes hafi tekið á því í vetur. Til marks um það má gera ráð fyrir því að líkamlegt form hans hafi aldrei verið betra. Hann hafði ríka hvatningu.

„Ég límdi mynd af troðfullum leikvangi í Frakklandi við útidryhurðina heima hjá mér og Euro 2016 lógóid. Í hvert sinn sem ég fór út í endurhæfingu var ég minntur á þessa keppni og markmið mitt,“ segir Hannes sem fór að leita sér að nýju liði, tímabundið að minnsta kosti, þegar það fór að sjá fyrir

endann á bataferlinu. Hann þurfti að fá að spila og það var ekki í boði hjá aðalliði Nijmegen.

„Um tíma skoðaði ég alvarlega þann möguleika að spila á Íslandi í mánuð, bara til að fá einhverja leiki. Að finna svo lið í efstu deild á Norðurlöndunum var framar minum vonum enda setti ég allt á fullt þegar Bodö/Glimt kom til sögunnar,“ segir hann.

### Óþægindafiðringur í maga

Þetta kom þó allt saman fljótt upp og Hannes var aðeins búinn að æfa með aðalliði Nijmegen í eina viku þegar hann var skyndilega mættur til Noregs og fram undan var leikur í norsku úrvalsdeildinni. Aðurnefnd óvissa um batann hékk enn yfir honum og hættan á að meiðslin tækju sig upp var til staðar. Hannes lagði allt í söluvarnir fyrir EM í Frakklandi. Líka atvinnumannsferillinn.

„Ég viðurkenni að ég var með óþægindafiðringur í maganum fyrir þennan leik. Deildin er erfið og liðið sem við mættum, Sogndal, mikið fyrirgjafalið,“ segir Hannes.

„En ég var búinn að fá þau skilaboð að öxlin myndi halda ef hún gerði það á annað borð. Það væri allt búið að gróa nógu mikið. Liðið vildi þar að auki að ég myndi spila ef ég treysti mér til þess,“ segir Hannes sem tók einnig til greina afleiðingar þess að hvíla og horfa upp á annan markvörð eiga stórleik og hirða af honum byrjunarliðssætið.

„Ég var ekki mættur til Noregs til að sitja á bekknum. Og sem betur fer tók ég slaginn og það gekk frábærlega.“

Hannes útskýrir að óvissunni hafi ekki verið fullkomlega eytt fyrr en eftir nokkra leiki með Bodö/Glimt. En hann sé þess nú fullviss að öxlin sé eins og ný. Hann þarf ekki að hafa neinar áhyggjur lengur af öðru. En áhættan var mikil, sem fyrr segir.

„Ef öxlin hefði farið strax aftur úr liði hefði tekið við annað ár í endurhæfingu. Þá hefði ég orðið samningslaus og ekkert lið viljað semja við mig,“ útskýrir hann.

Ég spyr hann þá hvort það hafi í raun ekki verið glapræði að setja mögulega allan ferilinn í hættu fyrir eina keppni. Enda sé hann bara 32 ára og á nóg eftir.

„Það hvarflaði aldrei að mér,“ segir hann hreinskilnislega. „EM var það eina sem skipti máli. Keppnin er algjört einsdæmi í sögu íslenskrar knattspyrnu og tækifæri lífsins fyrir mig. Sama þótt það hefði mögulega kostað mig eithvað. Ég hugsaði bara ekki svo langt. Þetta hefur mig dreymt um síðan ég var litill,“ útskýrir hann.

„Þegar, leyfi ég mér að segja, ég stend úti á vellinum í St. Etienne þann 14. júní og syng þjóðsönginn þá gæti ég trúað því að það verði erfitt að halda aftur af tárnum eftir allt sem á undan er gengið.“



## ERU FRJÓKORNIN AÐ TRUFLA ÞIG?

**Iccare kynnr** Hay Max er náttúruleg lausn sem hentar öllum. Hay Max er lífrænn salvi sem hamlar því að frjókorn komist inn í nef og augu. Hay Max stuðlar að færri hnerrum hjá þeim sem þola frjókornin illa.

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þola illa frjókorn. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, bývaxi, ilmjkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Með því að koma í veg fyrir að of mikið magn frjókorna berist inn í líkamann er hægt að forðast óþægindi sem sumir verða fyrir vegna frjókorna, svo sem hnerra og kláða í augum, hálsi og eyrum.

### HAY MAX VIRKAR FYRIR SONINN

„Annar tvíburinn minn var alltaf hnerrandi. Þegar við fórum í frí var hann stöðugt hnerrandi og með hor,“ segir Sonja Dögg Ólafsdóttir. „Ég ákvað að fara apótek til að athuga hvort eitthvað væri til handa svona litlum krílum sem þyldu illa frjókorn. Mér var sagt að það væri ekkert nema Hay Max og ég sá að til voru þrjár gerðir. Ég valdi Hay Max með aloe vera. Ég bar þetta á soninn og það var eins og hendi væri veifað, hnerrinn hætti. Ég er núna alltaf með Hay Max í töskunni og ber á báða strákana þegar við erum úti í náttúrunni.“

### ALLTAF MEÐ HAY MAX

Jón Páll Pálmason, hjálfi í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að hjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósin á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max fyrir þá sem þola illa frjókorn.“

### LYFJALOUS SALVI

Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum. Salvinn er borinn vandlega á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag á meðan á frjókornatímabilinu stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu.



Jón Páll er betri af frjókornaofnæmi þegar hann notar Hay Max. MYND/ERNIR



**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

**IceCare**  
Þín heilsa

## Parftu að dæla orku á tankinn?

**Better You B12 Boost munnsprey fyllir þig orku og einbeitingu**

**BetterYou™ B<sup>12</sup> BOOST Orku munnsprey**

*Af hverju vitaminsprey undir tunguna? Hröð og örugg upptaka.*

**Einkenni B12 skorts geta verið eftirfarandi:**

- Orkuleysi og slen.
- Preyta, ör hjartsláttur, andþyngli og svimi.
- Nálardofi í hand- og fótleggjum.
- Hægðartregða, uppþemba.
- Þyngdartap.
- Erfiðleikar með gang.
- Skapsveiflur.
- Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (Dementia).

**160** sprej í hverjum brúsa – 40 daga skammtur

Ferskt apríkósa-bragð

B12 Boost fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilushillum stórmarkaða og verslana.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

# BANKAR UPP Á HJÁ GAMLA FÓLKINU

**Svavar Knútur Kristinsson** leggur land undir fót þegar hann fer í tónleikaferð um landið ásamt Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu. Þau hafa sungið saman frá árinu 2008 en vinátta þeirra hófst fyrir tilviljun.

Svavar Knútur hefur töluvert látið að sér kveða undanfarin ár, verið virkur mótmælandi og haldið þrumandi ræður. Lög hans hafa vakið athygli, enda hitta þau fólk oft í hjartastað. Svavar Knútur hefur áður sagt frá því hvernig áföll lífsins hafi ýtt honum út á tónlistarbrautina. „Ég byrjaði seint í tónlist“, segir hann. „Fór á fullt fyrir átta árum meðfram vinnu. Nú er tónlistin vinnan mín“, segir hann.

„Samstarf okkar Kristjönu hófst fyrir tilviljun. Við byrjuðum óvænt í Viðey fyrir átta árum. Við vorum bæði í kaffi hjá vini okkar, Aðalsteini Ásberg, og vorum að spjalla saman. Kristjana hafði verið beðin að syngja í Viðey í tilefni afmælis Johns Lennon og spurði hvort ég vildi ekki vera með. Ég sló til og við renndum í nokkur lög. Fundum strax hvað við áttum margt sameiginlegt. Raddir okkar féllu vel saman. Það eru fimm ár síðan við hófum tónleikaferðir um landið sem dúett. Það hefur verið ótrúlegur stemmari, mjög gaman“, segir Svavar Knútur sem er söngvaskáld en hún djasssöngkona. „Við urðum bestu vinir. Það er svo dásamlegt hvernig tónlistin getur þroskast með vináttu fólks. Við fundum að við áttum marga sameiginlega snertifleti í tónlist, má þar nefna Abba, Dolly Parton eða íslensk sönglög. Auk þess erum við með fullt af frumsaminni tónlist.“

## LISTAMANNALAUNIN BJARGA

Svavar og Kristjana verða með fyrstu tónleikana í Landnámssetrinu í Borgarnesi á fimmtudaginn, 23. júní. Meðfram skipulögðum tónleikum banka þau upp á hjá eldri borgurum á dvalarheimilum víðs vegar um landið og skemmta íbúum án endurgjalds. Svavar segir að það sé einstaklega skemmtilegt. „Ástæða þess er sú að við fengum bæði listamannalaun sem flytjendur. Það gerir okkur auðveldara að bæta við slíkum tónleikum. Á þessum heimilum dvelur fólk sem annars kæmist ekki á tónleikana okkar og það er mikil gleði að færa þeim tónlistina“, segir Svavar Knútur og bætir við að þetta sé lifandi dæmi um hvað hægt sé að gera með listamannalaunum. „Með þessu kynnumst við yndislegu fólki.“

Svavar segist lengi hafa haft ánægju af því að syngja fyrir gamla fólki. „Einu sinni var ég að keyra í gegnum Búðardal og sá í gegnum glugga á dvalarheimilinu að íbúar voru að drekka kaffi. Ég ákvað að stoppa og banka upp á. Fólk úti á landi kann vel að meta óvænta gestakomu.“

Svavar og Kristjana leggja áherslu á léttu stemningu á þessum dúettakvöldum. Þau segja gamansögur á milli laga og fara jafnvel með ljóð. Platan Glæður með þeim vinunum kom út árið 2011 og seldist upp. Margir muna eftir þegar Svavar Knútur tók eftirminnilega þátt í Eurovision árið 2013 og komst í undanúrslit með lagið Lífið snýst.

## FERÐALÖG OG TÓNLIST

„Líf mitt er voða mikið ferðalög og tónlist“, segir Svavar sem vill ekki kalla sig trúbador. „Fólk ruglast á trúbador og gaurnum sem situr inni á pöbb með gítarinn. Ég myndi frekar kalla mig söngvaskáld.“

Eins og Svavar segir er hann mikið á ferðinni. Í kvöld ætlar hann að spila í Neskaupstað og á morgun í



Svavar Knútur er hress og hlakkar mikið til sumarsins enda margt skemmtilegt fram undan hjá honum. MYND/STEFÁN

“Fólk ruglast á trúbador og gaurnum sem situr inni á pöbb með gítarinn.

Vestmannaeyjum. „Ef maður ætlar að starfa sem tónlistarmaður á Íslandi þarf maður að gera alls konar. Ég spila í brúðkaupum, afmælum og jarðarförum á milli tónleika. Oftast biður fólk mig að syngja eigin lög. Það er auðvitað ólíkt að syngja í brúðkaupi eða jarðarför. Þegar maður syngur við útför tekst maður á við mikla ábyrgð. Það er heiður fyrir mig að fá að taka þátt í slíkri kveðjustund. Það er líka magnað að sjá hvað tónlistin kemur alls staðar við sögu í lífinu.“

## FJÖLSKYLDUMADUR

Svavar Knútur er kvæntur Líneyju Úlfarsdóttur og þau eiga tvö börn saman auk þess sem hann á eitt fyrir. Börnin eru á öðru ári, fimmta ári og átján ára.

„Já, ég er mikið fjölskyldumaður“, segir hann aðspurður. „Tónlistarstarfið getur verið erfitt vegna fjölskyldunnar en líka heppilegt. Ég er oft laus að degi til í miðri

viku og get sinnt leikskólamállum. Það besta sem ég veit er að hafa tíma í rólegheitum með börnunum á morgnana. Við getum leikið okkur áður en við stefnum í leikskólann.“

## SPILAÐ Í ÚTLÖNDUM

Uppl. í síma 522-2222 - raðnr. 101316 á bilasolur.is

## til sölu

### MERCEDES BENZ E 250 bluetec 4matic cdi Árgerð 2015, ekinn 1 þ km. dísel sjálfskiptur.



AMG sportpakki, Elegance pakki, Garmin Map leiðsögukerfi, nappa leðuráklæði, metallic lakk, minnispakki og speglapakki, exclusive pakki, o.fl. Einn sá flottasti á markaðnum.

Verð 11.900.000. nývirði kr 13.700.000.- Rnr.101792.



Bíldshöfða 3 • 110 Rvk S. 587 6600 • www.bilabraut.is





**SJÁLFSKIPTUR LÍTIÐ  
KEYRÐUR SMÁBÍLL**

Opel Corsa Comfortline ek. aðeins 96 þús buið að skipta um Tímareim Sjálfskiptur, ný skoðaður 17, góð heilsársdekk, Lytur mjög vel út og eyðir sáralitlu verð 480 þús Móguleiki á 100% Vísaláni í allt að 36 man s.841 8955

**Bílar óskast**



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500  
PÚSI!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Húsbílar**

**rotor.is**



**Dótabúð**

Rótor ehf, s. 5554900  
Helluhrauni 4, H.f

**Mótorhjól**



**BMW F800 GS ADVENTURE**

Árgerð 2016 í nýju litunum, ekið: 3500 km. Magnað, óaðfinnanlegt hjól með öllum fánlegum BMW verksmiðju- og aukabúnaði. Verð: 2990 þús. Uppl. í síma: 899-9795



Yamaha TZR 50 05/08 ekið 3800km. Hjól í óaðfinnanlegu ástandi. Verð 450.000,-. Uppl. í síma: 6603530

**Kerrur**



Ein með öllu 5 hesta álkerra kominn á númer. Uppl. hjá Álguggar JG S. 862 7762

**Tjaldvagnar**



Combi Camp Venezia. Árg. 2007 til sölu mjög gott eintak. Verð 590 þús. Er á bílasöluni Planíð s. 5170000

**Fellihýsi**

**Tjaldvagnar  
Fellihýsi  
Hjólhýsi  
Húsbílar**

Umboðssala  
Risasýningarsvæði  
Korputorgi

Korputorg 1 112 Reykjavík  
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**

**Bátar**



**HEIMAVÍK**  
Silunganet, flotnet, sökknet.  
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík  
Höfðabakka 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

**til sölu**

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr,  
nýi glugginn í  
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,  
ásamt ísetningum og viðhaldi.  
Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

**Lyftarar**



Eigum á lager nýjar skærallyftur frá SKYJACK og bómulytur frá Niftylift uppl. 7742501 www.skyjack.is

**Hjólbarðar**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**  
Ný og notuð dekk í miklu úrvali.  
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



**TECHKING  
VINNÚVÉLADEKK**  
Vorur að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéla dekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofi. Ýmsar algengar stærðir.  
O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

**ÞJÓNUSTA**

**Pípulagnir**

**PÍPULAGNIR**  
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.  
Uppl. í s. 663 5315.

**Garðyrkja**

**Garða og heimilisþrif**

Hringdu og fáðu verðtilboð!

Við komum með brosið, förum með ruslið.  
Sími 861 8752

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR**

Viðgerðir Skemmuvegur 34 Brúin gata

**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

**til sölu**

**Farþegalest til sölu**

Sæti fyrir 50 manns,  
topp ástand og tilbúin til notkunar.

Áhugasamir sendi póst til:  
ferdalest@gmail.com

**Þjónustuauglýsingar**

Sími 512 5407

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is

**Tjaldaleiga skáta**

Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

Sérhæfð viðgerða -og viðhaldsþjónusta fyrir húsbilaeigendur

**Verkstæði VARAHLUTIR**  
S. 564 2004

CHRYSLER FIAT JEEP Alfa Romeo

SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Óseyrarbraut 7 Hafnarfirði

**VARAHLUTIR**

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutaþjónusta

**VÉLANAUST ehf**

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**LOK Á HEITA POTTA**

• Einangrunarlok  
• Yfirbreiðslur  
• Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**BLIKK**

Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala

**ishúsið ehf**

Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

**VelRás**

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

**Parketslípun**

sólpallaslípun | parketlagning

531 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is | www.golflist.is

**Gólf list**

99% RYKFRÍTT

**EYJALIND**

**Gúmmibelti**  
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is



## Garðyrkja

Smávélavíðgerðir, víðgerðir á utanborðsmótum: Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Tek að mér bókhald fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Viðurkennd réttindi og góð reynsla. MD bókhald ehf sími 616-9480

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Góð verð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531 Pétur.

## MÁLARAMEISTARI

Tek af mér öll verk tengd málingarþjónustu. Uppl. í s. 851 1960 Himnamálun

## REGNBOGALITIR

Pakmálun, útimálun, múrvíðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

Get bætt við mig verkefnum í júlí. Sólþalar, þak, þakrennur og niðurföll. Uppl. í síma 893-5374

## til leigu



Til leigu ágætt húsnæði rúmlega 200 fm á Eirhöfða á 2 hæð, skiptist í 4 herbergi og gott opið rými með kaffiaðstöðu, hagstætt leiguverð aðeins 890 kr á ferm.

Nánari uppl. í s. 893-2165 og 896-1663

## skemmtanir

**EM Í BEINNI**

**EM í beinni!**  
Fyrsti leikur Íslands  
þriðjudaginn 14. júní kl. 18:00

**Cafe Catalina**  
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is  
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**Hljómsveitin Klettur**  
Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla,  
Björgvin Gísla og Siggí Árna  
spila í kvöld.

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**Parketslípun**  
sólþallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is

**Gólf list**  
99% RYKFRITT

**VIÐHALD FASTEIGNA**

**JÁ IDNAÐARMENN**

Tímavinna eða tilboð  
Sími 544 4444  
Gsm 777 3600  
jaiðnaðarmenn.is  
johann@2b.is

## Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á Grafarvogi. Tímabantanir í síma 771 2117.

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspa og tímabantanir í s. 844 1596

## Rafvirkjun

## RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## KEYPT &amp; SELT

## Til sölu



## EIKAR SÓFABORÐ

Vandað eikar sófaborð Staerð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**STIGA**

Stiga Estate 7102 H  
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktor  
Kawazaki FS600V motor  
Notendavænt sæti og stýri  
320 litra graskassi  
Frábær traktor í stærri svæði

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864  
www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Óska eftir að kaupa útidyrhúð, helst með karmi. Uppl. í s. 611 4614

## Hljóðfæri

Glæsilegt dankst Hindsberg Píano til sölu. Í góðu ásigkomulagi upplýsingar í síma 6632845

## Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til ellir/örýrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Til sölu álfekamat 40 lengdametra í tvöföldu birði auk fylgjihluta undir sláttarstöðir og fleira. Uppl. í s. 893 9777

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Námskeið

## SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Geymsluhúsnæði

## GEYMSLUR.IS

## SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

## SUMARTILBOÐ

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is:s:615-5005

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS.

Okkur vantar bifvélavirkja í hópinn, hann þarf að hafa réttindi og geta talað og skrifað íslensku.

Sendu okkur umsókn á [bifkop@internet.is](mailto:bifkop@internet.is)

## DÝRARÍKID

Óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og helgavinnu.

Upplýsingar ásamt ferilskrá sendist á: [axel@dyrarikid.is](mailto:axel@dyrarikid.is)

## BÍLAPVOTTUR

Öflug bílaleiga með aðsetur í reykjavík og við keflvíkurflugvöll eftir að ráða röska starfsmenn í bílþvott.

Umsóknir óskast sendar á [andrew@procar.is](mailto:andrew@procar.is)

## 115 SECURITY

## ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á [115@115.is](mailto:115@115.is) Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

## JÁRNABINDINGAR / IRON JOB

Vantar járnsmið. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 893 1174 / 866 1083 og [jarnaverk@internet.is](mailto:jarnaverk@internet.is)

Lítill járnsmiðja óskar eftir manni vönum járnsmíði í tímabundin verkefni. Uppl. í síma 899 5979

Íslenskumælandi fólk óskast til að safna undirskriftum um land allt. s. 776 4111


## HEIMILIÐ

## Barnavörur



Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Dýrahald



Glæsilegir íslenskir hvolpar með úrvali geðslagi frá báðum foreldrum. Móðir: Stjörnuljós Pálfríður. Faðir: ISCh Heiðarhofs Kolmar. Fallegir litir, 2 tíkur og 3 rakkar til sýnis eftir samkomulagi. Hafðu samb. í s. 846 0895 / 690 4012 [isl.hvolpar16@gmail.com](mailto:isl.hvolpar16@gmail.com)

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb, íbúð til langtímaleigu í Seljahverfi, með bílastæði í bílakjallara. Uppl. í s. 8939777

## LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

40 ára vinnandi maður ó.e. stúdíó eða 2ja herbergja íbúð ódyrt. Guð blessi ykkur. s. 8614478

## til leigu

## HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á [begga@hairbrush.is](mailto:begga@hairbrush.is) eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) S. 551-7770/659-4135 (Begga).

**HAIRBRUSH**  
HAIR & AIRBRUSH STUDIO



# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

# GLAMOUR

júní 2016

*Hvað er málið með*  
**TINDER?**

*Allt um makaleit á  
tímum snjallsímans.*

*Tískuterroristinn*  
**Steindi Jr.**

*er mættur aftur á skjánn.*

*Á Íslandi með*  
**Bambi**

*Íslensk náttúra og áströlsk  
fegurð mætast í 18 blaðsíðna  
myndapætti.*

*„Stærsta  
afrekið að hafa  
ÞRAUKAD  
í bransanum“*

*Leikkonan Heiða Rún  
Sigurðardóttir.*

*Ertu á  
leidinni í*  
**ferðalag?**

*Glamour hjálpar þér að pakka fyrir borgarferðina,  
sólarströndina og framandi áfangastaði.*



Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



É gætla að tala um fíkn. Þegar fólk talar um fíkn þá nálgast það viðfangsefnið oftast á tvo vegu; annars vegar að þetta sé val sem fólk hafi, að fólk taki vöndar ákvarðanir og fyrir það eigi að refs. Þannig að fólk er sett í fangelsi fyrir það eitt að vera fíklar. Hin nálgunin er að fíkn sé arfgengur sjúkdómur. Að þabbi þinn sé alkóhólisti og þess vegna sért þú alkóhólisti. Sú nálgun er hreinlega ekki byggð á vísindum. Hún er ekki rétt," segir Dr. Gabor Maté, ungverskur læknir sem sérhæfir sig í fíkn og fíknihæðun. Hann er nú staddur á Íslandi og heldur þrjá fyrirlestra í Hörpu á sunnudag. Gabor hefur einnig getið sér gott orð fyrir rannsóknir á athyglisbresti og streitu. Þá hafa skoðanir hans á beinum tengslum sálrænnar og líkamlegrar heilsu vakið athygli. Á sunnudaginn verður viðfangsefnið fíkn.

#### Ekki umdeilt vísindalega

Gabor, sem hefur búið og starfað í Kanada frá þrettán ára aldri, hefur vakið gríðarlega athygli um allan heim sem fyrirlesari, leiðbeinandi, læknir og frumkvöðull á sínu sviði. Hann hefur mætt andstöðu á ferlinum og aðferðir hans sumar umdeildar, m.a. í heimalandinu. En nýlegar rannsóknir, meðal annarra hin stóra ACE-rannsókn, styðja málflutning Gabors.

„Þegar ég lit á fíkla, og það skiptir engu máli hvað þeir heita, hvort þeir vilja áfengi, heróín, kókaín, hvort þeir eru spilafíklar, skuldadar, matar- eða kaupfíklar, þeir eiga eitt sameiginlegt. Þeir eru að reyna að flýja sársauka. Fíkn er leið fólks til að takast á við sársauka. Spurningin er nefnilega ekki af hverju viðkomandi er fíkill, heldur af hverju viðkomandi er í svona miklum sársauka. Ef við litum á líf þessa fólks, þá hefur eitthvað gerst sem hefur valdið þessum sársauka sem fólk svo reynir með ýmsum ráðum að koma sér undan. Það er það sem ég á við, þegar mér verður svona tíðrætt um áföll. Allir fíklar sem ég hef unnið með hafa orðið fyrir áföllum í æsku. Kynferðislegt ofbeldi er ágætis dæmi. Kynferðislegt ofbeldi hefur víðtækar afleiðingar fyrir börn og veldur gríðarlegum sársauka. Og fólk sem hefur orðið fyrir slíku á kannski við fíknivanda að stríða og hefur verið í margs konar meðferðum og hitt heilan helling af fagfólki en engum hefur dottið í hug að spyrja þau hvað kom fyrir. Áhrifin af því sem við verðum fyrir í æsku eru stórkostleg og skipta öllu máli.“

Gabor hefur eins og áður segir í gegnum tíðina mætt mótstöðu fyrir sjónarmið sín í þessum efnum, sem hann segir ekki koma á óvart.

„Það er ekki vegna þess að rannsóknir styðji ekki það sem ég hef að segja, og undanfarin ár í sífellu meira mæli. Eg gæti sýnt þér 200 rannsóknir í dag sem myndu allar styðja það sem ég er að segja. Min sýn á fíkn er ekki umdeild vísindalega. En fólk á í erfiðleikum með að horfast í augu við áföll, af þeirri einföldu ástæðu að það er vont. Ef þú ætlar að skoða áföll þarf að lita lengra en á manneskjuna, það þarf að skoða heilu samfélögin. Hvað er það við samfélögin okkar sem veldur svona miklum sársauka? Hvað er það við samfélögin sem verður til þess að börn eru særð? Hvað er það í samfélagsgerðinni sem verður til þess að svona margir lifa erfiðu lífi?“

#### Mikill sársauki

Hann tekur dæmi um Sjálfstætt fólk, eftir Nóbelskald Íslendinga, sem Gabor er að lesa um þessar mundir. „Ég veit ekki mikið um Ísland. Ég vissi til að mynda ekki að þið ættuð Nóbelskald. En ég er að lesa Sjálfstætt fólk. Frábær bók. Lífið sem þar er lýst er samt rosalega erfitt. Það er mikill sársauki. Barátta við náttúruna og svo sú staðreynd að

þið voruð ekki sjálfstætt land í svo langan tíma. Það sem hefur sennilega gerst á Íslandi, sem hefur gerst svo víða í vestrænum samfélögum, er að með tímanum varð lífið auðveldara líkamlega, en á sama tíma á fólk erfiðara með að finna sinn tilgang. Með tækniframförum á fólk líka erfiðara með að mynda eðlileg og nán sambönd við annað fólk. Það sem hjálpar fólki að takast á við mótlæti og erfiðleika eru sambönd við annað fólk og þig sjálfan, að eiga samfélag við aðra og að hafa tilgang. Í bókinni er fólk mjög sjálfstætt og þrjóskt en þegar eitthvað kemur



ÞAÐ ER MJÖG VONT OG

ERFITT AÐ STÍGA FRAM

OG SEGJA, ÉG GÆTI VERIÐ

AÐ GERA MIKLU BETUR

VIÐ SJÚKLINGANA MÍNA

OG ÉG VERÐ AÐ FARA OG

ENDURMENNTA MIG.

upp standa þau saman. Í Kanada hefur sú þróun orðið að samfélög fólks hafa veikst á einhvern hátt og ég er viss um að það sama á við um Ísland. Þá siturðu uppi með sjálfan þig.“

Hann segir viðhorf sín þó að verða viðteknari en áður, fólk sé farið að tala meira um áföll og tengsl þeirra við andlega og líkamlega heilsu.


„Það er eitthvað að breytast. En það tekur tíma. Það er innbyggð íhaldssemi í kerfinu okkar. En það er verið að ræða áhrif áfalla út um allt. Það er ótrúlegt fyrir mig að sjá hvað umræðan er að opnast og nú er verið að birta rannsóknir um efnið sem skipta höfuðmáli. Ég get alveg sagt þér af hverju stofnanir vilja ekki tala um áföll og tengsl þeirra við fíkn, til að mynda. Það er mjög vont og erfitt að stíga fram og segja, ég gæti verið að gera miklu betur við sjúklingana mína og ég verð að fara og endurmennta mig. Ef þú ert sérfræðingur og lítur á sjálfan þig sem sérfræðing er erfitt að taka skref aftur á bak og segja, það eru hlutir á þessu sviði sem ég hreinlega skil ekki. Svo er hin hliðin á peningnum. Ef stofnanir okkar ætla að fara að takast á við áföll í lífi fólks þá þarf að eyða með fólki tíma. Það kostar peninga og til þess þarf fleira fagfólk. Peningar og fagfólk eru ekki á hverju strái.“

Gabor starfaði í tólf ár á heilugæslustöð, þar sem hann sinnti fíklum, fólki sem haldið er alvarlegum geðsjúkdómum og öðrum. Hann var einn þeirra sem störfuðu við Insite í Kanada, neysluafdrepp fyrir sprautufíkla, þar sem fíklum var úthlutað hreinum sprautunálum og þeir fengu þjónustu heilbrigðisstarfsfólks. Þáverandi heilbrigðisráðherra, Tony Clement, sagði starfseminna ósiðlega. Þeir tókust á í fjölmiðlum. Gabor stendur fast á sínu og er fylgjandi svokölluðum skaðaminnkunarræðum. Hann er nú læknir á Portland Hotel, fyrir utangarðsfólk í miðborg Vancouver.

#### Ekki svarið við fíkn

Gabor hefur einnig rannsakað náttúruyfifni ayahuasca, súður-amerískt jurtaseyði með mikil ofskynjunaráhrif. Það hefur verið sagt um ayahuasca að lyfið geti hjálpað til við að vinna bug á fíknitengdri hegðun. Tilraunir undir vísindalegu eftirliti hafa gengið ágætlega – en það eru ekki allir sammála um gagnsemi lyfsins.

„Ayahuasca er ekki svarið við fíkn. Það er ekkert eitt svar. En í réttum höndum getur það hjálpað og með tilsógn. Eg er ekki að segja að þið eigið að fara heim og prófa ayahuasca, alls ekki. Málið með ayahuasca er að það er ofskynjunarlyf.



Gabor Maté segir alla fíkn sprottna af sama meiði. Hugmyndir hans, sumar hverjar, hafa í gegnum tíðina verið umdeildar.

# Fíkn er leið til að takast á við sársauka

**Dr. Gabor Maté** heldur fyrirlestra um fíkn í Hörpu. Hann segir innbyggða íhaldssemi í kerfinu okkar. Hlutirnir verði að breytast.

Margt af því sem er í gangi í hausnum á okkur er ómeðvitað. Á réttum stað og á réttum tíma getur ayahuasca hjálpað þér að sjá ýmislegt við líf þitt sem þú varst ekki meðvitað um áður. Sumir uppgötva á þessum stundum frá hverju þeir hafa verið að flýja öll þessi ár.“

#### Ayahuasca getur hjálpað til

Endurupplifir maður þá áföllin sín? „Nei, þú endurupplifir ekki áföllin þín, en sérð þau kannski í skýrara ljósi. Svo getur ayahuasca hjálpað

til við að ná djúpri tengingu við sjálfan þig líka, sem er kannski það mikilvægasta af öllu saman. Sama hvað kom fyrir, sama hver við erum, eða hvernig við hegðum okkur og hvernig okkur líður, þá getur lyfið sýnt okkur hver við erum í raun og veru og þá finnur fólk gjarnan einhverja ró. Eins og það þurfi ekki að flýja lengur, því undir niðri sé allt í lagi. En þetta er mikil einföldun.“

Hann segir dýpstu og mikilvægustu tenginguna sem við eigum vera við okkur sjálf. „Og það sem gerist

þegar við verðum fyrir áföllum er að við missum þessa tengingu. Batinn hefur að gera með tengingar við okkur sjálf og við annað fólk. Það er auðvelt að segja það og það er einföld pæling – en það er ekkert einfalt við að láta það verða að veruleika. Það er svo margt sem er fyrir. En á meðan við litum á fíkn sem eitthvert líffræðilegt vandamál þá mun aldrei neitt gerast. Við getum stöðvað skaðlegu hegðunina í einhvern tíma, en þú ert ekki að lækna neitt. Það er enginn bati.“





**Stillanlegt rúm, Ambassador\***

Verð frá:

**639.800.-**

Skoðaðu rúmin okkar  
áður en þú tekur  
ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort  
www.jensen-beds.com



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is




**Nordic Seamless\***

Verð frá:

**330.750.-**

#### Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum



**Continental\***

Verð frá:

**399.500.-**

\* Stærð: 180x200, gafl ekki innifalinn í verði





**María Rún Skúladóttir**  
Kærasta Jóns Daða  
Böðvarssonar

**Hólmfríður Björnsdóttir**  
Kærasta Jóhanns Bergs  
Guðmundssonar

**Móeiður Lárusdóttir**  
Kærasta Harðar  
Björgvins Magnússonar

**Bera Tryggvadóttir**  
Kærasta Hjartar  
Hermannssonar

**Alexandra Helga Ívarsdóttir**  
Kærasta Gylfa Þórs  
Sigurðssonar

**Ása María Reginsdóttir**  
Eiginkona Emils Hall-  
fredssonar

**Kristbjörg  
Jónasdóttir**  
Kærasta Arons  
Einars Gunnars-  
sonar

**Sandra Steinarsdóttir**  
Eiginkona Ögmundar  
Kristínssonar

**Hildur Ósk Sigurðardóttir**  
Kærasta Kolbeins  
Sigþórssonar

**Pattra Sriyanonge**  
Eiginkona Theodórs Elmars  
Bjarnasonar

**Ragnheiður Theodórsdóttir**  
Kærasta Ragnars Sigurð-  
sonar

**Hjördís Perla Rafnsdóttir**  
Kærasta Kára Árnasonar

**Hrefna Dis Halldórsdóttir**  
Kærasta Sverris Inga Inga-  
sonar

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta verður geðveikur stemmari

Eiginkonur og kærustur strákanna í karlalandsliðinu eru mjög spenntar fyrir EM í Frakklandi. Þær ætla að mæta á alla leikina og hafa trú á góðu gengi. Þær sem áttu heimangengt hittu blaðamann á Laugardalsvelli í vikunni og ræddu ævintýrið framundan.

Kolbeinn Tumi  
Daðason  
kolbeinntumi@365.is



Strákarnir héldu utan á þriðjudaginn eftir 4-0 sigur á Liechtenstein í kveðjuleik á Laugardalsvelli og halda þeir nú til í bænum Annecy í frönsku Ölpunum sem verður bækistöð þeirra í Frakklandi. Mikil spennan er eðlilega á meðal landsliðsmannanna og sómuleiðis hjá mökunum.

„Sérstaklega eftir að við förum á frumsýninguna á myndinni Jökullinn logar,“ segir Alexandra Helga, kærasta Gylfa Þórs. Strákarnir spila gegn Portúgal í Saint-Étienne þriðjudaginn 14. júní, gegn Ungverjalandi í Marseille 18. júní og Austurríki í París 22. júní. Alexandra Helga ætlar að flakka á milli borganna í góðum félagskap og kynnast hverri borg.

Sömu sögu er að segja af Ragnheiði Theodórsdóttur og Hjördísi Perlu Rafnsdóttur, kærustum Ragnars og Kára sem ferðast saman.

„Er ekki klassískt að fara á ein-

hverjar vínekrur og velta rauðvinsglasinu,“ segir Hjördís Perla í létum tón og Ragnheiður bætir við að croissant verði á matseðlinum. Þær hlakka báðar mikið til og sömu sögu er að segja af Kristbjörgu Jónasdóttur, kærustu Arons Einars.

„Við erum bara þvilíkt spenntar,“ segir Kristbjörg sem er bjartsýn á gott gengi eins og hinar. Hjördís á allt eins von á því að sleppa fluginu heim 23. júní að lokinni riðlakeppninni því Ísland komist upp úr riðlinum. Kristbjörg bætir um betur.

„Ég er ekki einu sinni búin að bóka flug heim. Ég er svo bjartsýn.“

#### Ekkert stress, bara tilhlökkun

„Það er búin að biða lengi eftir þessari stund. Við erum full tilhlökkunar,“ segir Ása María Reginsdóttir, eiginkona Emils Hallfredssonar. Hún er ein af mömmunum í hópnum og orðin reynd þegar kemur að lífinu með atvinnumanni í fótbolta. Börn þeirra, Andrea Alexa (15 vikna) og Emanuel (4 ára), verða með í för til Frakklands sem verður ekkert mál að sögn Ásu.

„Mamma mín kemur með og

systur, við förum öll og hjálpumst að. Vonandi verður gott veður og hægt að leyfa krökkunum að leika sér í sólinni,“ segir Ása. Kristbjörg og Hildur Ósk Sigurðardóttir, kærasta Kolbeins Sigþórssonar, eru einnig með ung börn en þeirra tími á stórmóti mun koma seinna. Kristbjörg, sem á Óliver Breka (1 árs) með Aroni Einari, bendir á að aðstaða á leikvöngunum fyrir svo lítil börn sé ekki góð auk þess sem hávaði er mikill.

„Við búum náttúrulega í Frakklandi og verðum heima,“ segir Hildur Ósk sem á Adriönu Ósk (2 ára) með Kolbeini sem spilar með franska félaginu Nantes. Hildur ætlar samt að mæta í alla leikina en er ekki komin með hnút í magann, langt í frá.

„Ég er ekkert stressuð fyrir þessu, bara mjög spennt. Það er tilfinningin sem ég hef, tilhlökkun.“

#### Fá eina nótt með strákunum

Öryggisgæsla í Frakklandi á meðan á móttíni stendur verður gríðarleg enda skemmst að minnast hryðjuverkanna í París í nóvember.



**VIÐ FÁUM AÐ HITTA ÞÁ  
EINU SINNI. FÁUM AÐ  
EYÐA NÓTTINI MEÐ ÞEIM  
Í MARSEILLE.**

Hildur Ósk

Sömuleiðis verður passað vel upp á leikmenn landsliðsins á meðan á dvölinni í Annecy og ferðalagi þeirra til og frá leikjum stendur.

„Við fáum að hitta þá einu sinni. Fáum að eyða nóttinni með þeim í Marseille,“ segir Hildur Ósk og má reikna með að strákarnir muni taka stelpunum fagnandi eftir leikinn gegn Ungverjum. „Annars er það bara Facetime. Maður er bara vanur því,“ segir Bera Tryggvadóttir, kærasta Hjartar Hermannssonar.

Tilkynnt var um val á þeim 23 leikmönnum sem fara til Frakklands fyrir rúmum mánuði. Mikil spennan var fyrir blaðamannafundinn og ljóst að frábærir knattspyrnumenn myndu sitja eftir með sárt enníð.

„Þetta var svolítið dramatískt,“ segir Bera sem sat límd við skjáinn. Leikmönnum var tilkynnt um valið í sms-skilaboðum hálf tíma fyrir blaðamannafundinn.

„Hann sendi mér strax sms-ið svo ég vissi að hann væri að fara áður en það var tilkynnt,“ segir Móeiður Lárusdóttir, kærasta Harðar Björgvins Magnússonar. Þannig hafa sumir makar gengið frá bókunum varðandi Frakklandsdvölinna fyrir töluverðu síðan á meðan aðrar eru tiltölulega nýbúnar að gera ráðstafanir.

„Það væri gaman að fara til Mónakó og sjá allar snekkjurnar,“ segir Hrefna Dis Halldórsdóttir, kærasta Sverris Inga, varðandi dægradvöl á milli leikjanna. Allar vonast þær eftir sól og blíðu. „Bíddu, er ekki spád rigningu?“ segir María Ósk Skúladóttir, kærasta Jóns Daða, en Hjördís hans Kára hafði einmitt fengið skilaboð frá sínum manni úr rigningunni í Annecy.



**ANNARS ER ÞAÐ BARA  
FACETIME. MAÐUR ER  
BARA VANUR ÞVI.**

Bera Tryggvadóttir

#### Stolt sama hvernig fer

„Ég held að þetta verði stórt ævintýri,“ segir Pattra Sriyanonge, eiginkona Theodórs Elmars, sem er temmilega bjartsýn. „Þetta á að vera auðveldasti riðillinn,“ segir Pattra sem mun fylgja sínum manni alla leið. Eins og þær allar.

„Þetta er kannski eina stóra tækifærið og svo er þetta í Frakklandi, sem er frábært,“ segir Hólmfríður Björnsdóttir hans Jóhanns Bergs. Hún ætlar að dvelja í húsi með nokkrum mökum til viðbótar og ferðast þaðan í leikina. Fleiri í hópnum fara þá leið.

„Við förum allar saman út að borða um daginn. Við erum að reyna að peppa þetta upp og hafa gaman,“ bætir Hólmfríður við.

Aðspurð hvernig gagnrýni á frammistöðu strákanna fari í þær segist hún lítið fylgjast með blöðunum.

„Ég er alltaf mjög stolt, sama hvernig fer. Maður er til staðar hvort sem gengur vel eða illa.“

Sandra Steinarsdóttir, eiginkona Ögmundar, segist finna meira fyrir umfjölluninni í tilfelli landsleikjanna. Það sé annað að heyra Íslendinga tala um manninn sinn en einhverja Svía.

„Annars er ég alltaf mjög stressuð þegar ég horfi á leiki, hvort sem það er Fram eða í Allsvenskunni.“

Hvort strákarnir verða klárir þegar á hólminn er komið verður að koma í ljós en hafa ber í huga að um frumraun karlalíðsins á stórmóti er að ræða. Stelpurnar eru hins vegar tilbúnar og ljóst að hver leikmaður verður með gott bakland á áhorfendapöllum í Frakklandi. Ragnheiður nær ágætlega utan um þetta í einni setningu.

„Þetta verður bara geðveikur stemmari!“



**-15%**



NETTÓ KJÚKLINGABRINGUR

**1.783**

ÁÐUR 2.098 KR/KG

**-20%**

**GOÐI**



BBQ GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

**2.358**

ÁÐUR 2.948 KR/KG

**-30%**

**KJÖTSEL**



GRILL LAMBALÆRI, KRYDDAÐ

**1.455**

ÁÐUR 2.078 KR/KG

**-30%**



MELÓNUDAGAR  
ALLAR TEGUNDIR

**-30%**

AFSLÁTTUR



RISTORANTE PIZZUR - 26 CM  
SPECIALE/HAWAII/MOZZARELLA

**459**

ÁÐUR 499 KR/STK

**KJARNAFÆÐI**



PÓLSKAR PYLSUR - 360 G

**377**

ÁÐUR 419 KR/PK



DOWNTOWN ÍS - 500 ML  
3 TEGUNDIR

**699**

ÁÐUR 798 KR/PK



**1 KG**

GREAT TASTE  
JARÐARBER - 1 KG

**349**

ÁÐUR 399 KR/PK

**-15%**



X-TRA SMÁBRAUÐ, 15 STK - 750 G  
X-TRA RÚNSTYKKI, 15 STK - 600 G

**298**

ÁÐUR 349 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 9. - 12. júní 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.  
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



# Upprisa

## kvikmynda- stjörnunnar

**Saga**  
til næsta  
bæjar



**Stefán Pálsson**

skrifar um fyrstu ár  
bíómyndanna

Semma árs 1910 reis ung kanadísk leikkona upp frá dauðum. Hún hét Florence Lawrence og hefur verið kölluð fyrsta kvikmynda-stjarnan. Þrátt fyrir frægðina klingdi nafnið ekki bjöllum hjá almenn- ingi. Kvikmyndahúsagestir höfðu fæstir hugmynd um hvað hún hét, en þekktu andlitið og kölluðu hana Biograph-stúlkuna eftir samnefndu kvikmyndaframleiðslufyrirtæki.

Auðvitað reis ungrú Lawrence (sem var raunar gift kona, þótt enginn mætti vita af því) ekki upp frá dauðum í raun og veru. Dauði hennar nokkrum vikum fyrir var sviðsettur af athafnamanninum Carli Laemmie, stjórnanda hins nýstofnaða kvikmyndaframleiðslufyrirtækis IMP, sem síðar varð hluti af stórveldinu Universal Studios.

Þýski innflytjandinn Laemmie dreifði þeim orðrómi að leikkonan unga, sem kom fram í fjölda vinsælla rómantískra mynda, hefði orðið fyrir sporvagni í New York og látist af sárum sínum. Síðar upplýsti forstjórinn forherti að allt væri í plati, Florence Lawrence væri sprellifandi og léki einmitt aðalhlutverkið í nýjustu mynd kvikmyndaversins. Til að bíta höfuðið af skömminni dreifði hann síðar uppskál- uðum sögum af því að trylltir aðdáendur hefðu orðið svo glaðir að hitta leikkonuna á lífi, að þeir hefðu tætt utan af henni mestöll fötin svo að stórhneyksli hlaut af!

### Stjarna fædd

Blekingarnar báru árangur. Florence Lawrence varð sem fyrr segir fyrsta kvikmynda- stjarnan. IMP auglýsti kvikmyndir sínar með því að hampa nafni hennar og það sama gilti um aðra aðal- leikara. Carl Laemmie gerði sér nefnilega grein fyrir því að áhorfendur áttu sitt eftir- lætisfólk á hvíta tjaldinu og voru allt eins líklegir til að velja myndir eftir leikurum og söguþræði. Að leikararnir væru frægir og lesa mætti um líf þeirra í blöðunum yrði því prýðileg auglýsing fyrir kvikmyndir þeirra.

Hin nýja nálgun olli byltingu í kvikmynda- heiminum. Fram að þessu höfðu kvikmyndaver ekki einu sinni hirt um að nafngreina leikara sína á auglý- ingaplakötum, sem var ástæða þess að kvikmyndahúsagestir þekktu Lawrence aðeins sem Biograph-stúlkuna. Raunar lögðu framleiðendur sig fram um að halda nöfnum leikaranna óþekktum, með þeim afleiðingum að enn í dag glíma kvikmyndasagn- fræðingar við að bera kennsl á fólk í mörgum elstu varðveittu mynd- unum.

Þetta ráðslag kann að virðast skringilegt, en átti sér rökréttar skýr- ingar. Kvikmyndaverin litu á leikara sem ódýrt vinnuafl. Þeir fengu greitt sem launamenn og var kaupíð ekki í neinu samhengi við vinsældir mynd- anna. Með því að halda nöfnum þeirra leyndum eða í það minnsta hampa þeim ekki, vildu stjórnd- urnir veikja samningsstöðu vinsæl- ustu leikaranna og halda laununum þannig niðri.

### Alvaldurinn Edison

Biograph-kvikmyndaverið var í eigu Skotans Williams Kennedy Dickson, sem unnið hafði að þróun kvik- myndatökutækninnar sem starfs- maður Thomas Alva Edison áður en hann hóf að starfa sjálfstætt. Það var raunar uppfinningameistarinn Edi- son sem var hugmyndafræðingurinn að baki þeirri stefnu kvikmyndaver- anna að reyna að halda leikurinum sem láglaunuðum undirlyllum. Sú stefna var í samhengi við annað í hug- myndafræði hans.

Edison er óumdeilanlega frægasti uppfinningamaður sögunnar. Á löngum ferli fékk hann samþykkt meira en þúsund einkaleyfi í Bandaríkjunum einum, sem sýnir fram á ótrúleg afköst en er ekki síður til marks um hversu marga undir- menn hann hafði á sínum snærum. Þá vafðist ekkert fyrir hugvitsmann- inum sjálfhæða að kaupa efnilegar hugmyndir af öðrum og kynna sem sínar eigin.

Ef það er eitthvað eitt sem öðru fremur einkenndi veldi Edisons, þá var það áhersla hans á að stjórna öllum þáttum tæknikerfa sinna. Ljósaperan er augljóst dæmi um þetta. Eftir mikla þrautagöngu tókst Edison að búa til fyrstu hagkvæmu rafmagnsljósaperuna um



áramótin 1879-80. (Öðrum hafði tekist að búa til ljósaperur, en þær voru ýmist óhentugar, skammlífir eða dýrar í framleiðslu.)

Þar með var þó ekki nema hálfur sigur unninn. Edison lét ekki staðar numið fyrr en hann hafði þróað heildstætt kerfi með orkuveri, flutningskerfi, rafloögnum, rafmagnsmæl- um, ljósarofum, lampastæðum og



perunum sjálfum. Markmiðið var að enginn þáttur kerfisins hvíldi á upp- finningum keppinauta. Á sama hátt reyndi Edison að beita einkaleyfum sínum til að gera samkeppnisaðilum erfiðara fyrir að þróa betri útgáfur af tækni sinni.

Af hinum ótalmörgu uppfinningum Edisons var hljóðritinn líklega sú sem skapaði honum hvað mesta frægð og auð. Engan hafði óráð fyrir að tækni til að hljóðrita mælt mál og tónlist yrði jafn vinsæl og raun bar vitni. Þar skipti tónlistin mestu máli. Lífskjör stórs hluta almennings fóru

batnandi með auknum fjár- ráðum og á sama tíma varð sífellt meiri eftirspurn eftir hvers kyns afþreyingu.

Viðtökur hljóðritans voru skýr vísbending um hvers vænta mætti af tækni sem sýnt gæti lifandi myndir. Hug- myndin á bak við kvikmynda- tæknina var í sjálfu sér ekki flókin. Um langt skeið höfðu svokallaðar töfralampasýn- ingar notið vinsælda í Evrópu og Ameríku, þar sem myndum á glerplötum var skotið fyrir bjart ljós og varpað upp á sýn- ingartjald. Órar og stöðugar framfarir í ljósmyndaþekni og filmugerð hlutu að leiða af sér einhvers konar kvikmynda- tækni og þeir uppfinninga- menn sem hana fullkomnuðu áttu gott í vændum.

### Æsilegt kapphlaup

Um og eftir 1890 vann fjöldi uppfinningamanna að því að þróa einhvers konar kvik- myndatækni, hver í sínu horni. Þegar árið 1888 lagði Edison inn tilkynningu hjá einkaleyfisskrif- stofu um vél sem ætti „að gera það fyrir augað sem hljóðritinn gerði fyrir eyrað“. Hið fyrirhugaða tæki hafði meira að segja fengið nafn: „Kinetoscope“, sem samsett var úr grísku orðunum „kineo“ (hreyfing) og „scopos“ (að horfa). Þetta var fjórum árum áður en frönsku bræðurnir Auguste og Louis Lumière, sem kall- aðir eru feður kvikmyndalistarinnar, hófu tilraunir sínar.

Edison þurfti að hafa hraðar hend- ur og um mitt ár 1891 sótti hann um



...HIKADI EKKI VIÐ AÐ

LÁTA LEIKARA SVIÐSETJA

SAMTÍMAATBURÐI OG

SELJA SEM RAUNVERU-

LEGAR FRÉTTAUPPTÖKUR.

einkaleyfi á myndatöku- og sýningar- tækni fyrir hreyfimyndir. Búnaður þessi miðaðist við einn notanda í einu, sem horfði inn í sýningar skáp í gegnum kík. Sýningartækjunum var svo komið fyrir í sérstökum söllum, sem vitaskuld voru reknir af fyrir- tæki Edisons, þar sem áhorfendur greiddu dagóðan skilding fyrir að fá að gægjast í kassana – mismarga eftir því hversu mikið var borgað.

Í fyrstu þurfti ekki mikið til að heilla áhorfendur. Myndskeiðin sýndu kannski dansara stíga fæin spor eða aflraunakappa lyfta þungum lóðum. Það eitt að sjá lifandi myndir var næg upplifun fyrir áhorfandann. Fljót- lega fór nýjabrumið þó af tækninni og kröfur til myndefnisins jukust. Þá tók við tímabil sem einkenndist af fræðandi efni, þar sem áhorfendum bauðst að sjá stutt myndbrot úr fjar- lægum borgum, kunnar náttúruperlur eða nafnkunna einstaklinga.

Vinsældir Kinetoscope-tækni Edi- sons urðu öðrum uppfinningamön- num hvatning til dáða. Sumir leituðu leiða til að herma eftir eða betrum- bæta útfærslu hans, en aðrir komust að þeirri niðurstöðu að miklu gróða- vænlegra væri að þróa tækni sem sýndi mörgum áhorfendum sömu myndina á sama tíma. Sú var nálgun Lumière-bræðra, sem eru fyrir vikið í dag taldir upphafsmenn kvikmynda- geirans.

Tæknisagan hefur að geyma ótal dæmi um að það geti reynst tveggjað sverð að vera brautryðjandi á sviði tæknibyltinga. Á sviði rafmagns- lýsingar var Edison frumkvöðull, en treysti fyrir vikið á notkun jafn- straums og missti því af lestinni þegar sporgöngumenn hans tóku að notast

við ríðstrauminn, eins og áður hefur verið rakið á þessum vettvangi.

Sú saga endurtók sig nú. Edison græddi svo vel á kvikmyndasýn- ingarkössum sínum að hann sá ekki ástæðu til að huga að öðrum útfærslum. Á meðan aðrir þróuðu sýningarvélur til að varpa upp á tjald fyrir fullan sal, með möguleikum á mun lengri myndum og þar af leið- andi flóknari söguþræði, taldi Edi- son vænlegra að vinna áfram að því að bæta sína uppfinningu. Að hans mati yrði næsta skrefið að sameina kosti Kinetoscope-tækjanna og hljóð- ritans, með því að fella saman mynd og hljóð. Hann varði mikilli orku í þetta, sem síðar gagnaðist óbeint við tilkomu talmynda en með tíma- anum varð ljóst að meistarinn hafði veðjað á rangan hest.

Að lokum söðlaði Edison um og hóf framleiðslu á myndum og sýn- ingarvélum fyrir kvikmyndaþjald, en í stað þess að hafa drottunarstöðu á markaðnum var hann nú aðeins einn margra sterkra framleiðenda. Hann reyndi með góðu og illu að fá þá til að sameinast undir einn hatt og virtist ætla að verða nokkuð ágennt. Um tíma leit út fyrir að Edison og félögum hans tækist að einoka kvik- myndamarkaðinn í krafti einkaleyfa og tæknilegra yfirburða.

En það er ekki nóg að státa af besta tæknibúnaðinum – þegar kemur að afþreyingu skipti innihaldið ekki minna máli. Edison var í raun meinilla við einfaldar hasarmyndir eða ástarvelli. Honum fannst leikið efni frekar ómerkilegt, en kaus frekar fræðandi myndskreið og fréttamyndir, þar sem hann hikaði ekki við að láta leikara sviðsetja samtímaatburði og selja sem raunverulegar fréttaupptökur.


Hrokinn felldi uppfinningamann- inn að lokum. Áhorfendur vildu æsilegar afþreyingarmyndir með nafngreindum stjörnum á borð við Florence Lawrence. Um 1912 byrjaði verulega að fjara undan kvikmynda- deild Edison-samsteypunnar og í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar hætti hann að mestu afskiptum af kvik- myndaheiminum. Í ljós kom að það dugar skammt að bjóða upp á besta vélbúnaðinn ef hugbúnaðurinn er slappur.





# LOTTÓPOTTUR Í FRÁBÆRU LEIKFORMI!

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í SEXTÍU OG FIMM MILLJÓNIR Í KVÖLD



ÍSLENSK GETSPÁ  
Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími 580 2500 | [www.lotto.is](http://www.lotto.is)



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



# TÍMAMÓT



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdafaður, afa, langafa og langalangafa,

**Óskars Halldórssonar**

húsgagnabólstrara,  
Lyngbergi 39b, Hafnarfirði.

Við sendum sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar á Sólvangi, starfsfólks Drafnarhúss og taugalækningadeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir frábæra umönnun.

**Helga Jóna Jensdóttir**

**Hrafnhildur Óskarsdóttir**

**Hafdis Óskarsdóttir**

**Helena Óskarsdóttir**

**Helga Óskarsdóttir**

**Valdimar Óskarsson**

**Valdimar Óskarsson**

**Jens Þórisson**

**Khalil Semlali**

**Robert Scobie**

**Christof Wehmeier**

**Lovísa Traustadóttir**

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðrún Ingadóttir**

frá Hrappsstöðum, Viðidal,

lést á Hvammstanga 7. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju fimmtudaginn 16. júní kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga.

**Sigríður Tryggvadóttir**

**Inga Birna Tryggvadóttir**

**Jóna Halldóra Tryggvadóttir**

**Guðrún Tryggvadóttir**

**Magnea Tryggvadóttir**

**Steinbjörn Tryggvason**

**Ingi Tryggvason**

**Örn Arnar Ingólfsson**

**Örn Arnar Ingólfsson**

**Örn Arnar Ingólfsson**

**Örn Arnar Ingólfsson**

**Ragnhildur Hünbogadóttir**

**Þorgeir Jóhannesson**

**Guðmundur Arason**

**Hjalti Jósefsson**

**Björn Friðriksson**

**Eva-Lena Lohi**

**Inga Margrét Skúladóttir**

**Elsa Finnsdóttir**

ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



„Við höfum afrekað heilmikið en erum í miðri ánni,“ segir Ófeigur Tryggvi og segir frekari breytingar biða þar til eftir sumarfrí.

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Læknum hefur fjölgað úr þremur í tíu í Grafarvogi

Breyting hefur orðið í þjónustu heilsugæslunnar í Grafarvogi með samstilltu átaki starfsfólks. Þar voru þrjú læknar á tímabili í átján þúsund manna hverfi. Nú eru þeir tíu.

Við erum að byggja upp öflugra teymisvinnu lækna og hjúkrunarfræðinga hér á stöðinni. Líka samstarf við heimahjúkrun og að skoða lækniþjónustu við fatlaða og Landspítalann, þar með talda bráðamóttökuna til að létta á henni,“ segir Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, sem er bæði svæðisstjóri og fagstjóri lækninga á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi.

Teymin eru fjögur, tveir læknar, tveir hjúkrunarfræðingar og ljósmóðir í hverju – reyndar með mismunandi starfshlutfall. Teymin sjá um ákveðinn fjölda íbúa Grafarvogs, hvert og eitt 2-3.000 manns, að sögn Ófeigs Tryggva.

„Fjöldi fólks í hverfinu hefur ekki haft heimilislækni síðustu ár en nú eru 11.000 komnir á skrá hjá teyminu heilsugæslunnar og fólk fær ekki bara lækni heldur líka hjúkrunarfræðing og hefur því betra aðgengi að þjónustunni en áður. Hjúkrunarfræðingar geta leyst úr svo mörgum þeirra mála sem fólk leitar til læknis með, meðal annars sem varða eftirfylgni vegna krónískra vandamála. En læknirinn er alltaf nálægt, því hann starfar á sama stað í húsinu,“ segir Ófeigur Tryggvi og lýsir fleiri nýjungum.

Við höfum hætt að vinna hvert í sínu horni heldur tekið höndum saman til að byggja upp aðgengilega og öfluga þjónustu.

„Við höfum líka greint sjúklingahópin, hversu margir eru með sykursýki, háan blóðþrýsting, þunglyndi og kvíða, hvað margir þurfi ung- og smábarnavernd og hver aldursamsetning sjúklingahóps hvers teymis er. Þannig getum við miðað þjónustuna betur við stóru viðfangsefnið og búið til frið fyrir hvert teymi til að sinna sínum hópi. Hingað til hefur hver læknir verið skráður fyrir stórum hópi skjólstaðinga og oft hefur orðið alltof löng bið að honum. Hér var hún hátt í mánuður á tímabili. Okkur hefur tekist að snúa þeirri þróun við og erum komin niður í sex daga, samkvæmt nýlegri könnun.“

Ófeigur Tryggvi kom að stöðinni í Grafarvogi 1. október á síðasta ári og nýju læknarnir koma víða að, meðal annars frá Nýja-Sjálandi og Svíþjóð.

Nýja vinnuáætlun er erlent að uppruna og áhrifaríkt. „Ég hef kannski talað mikið um þetta módel en framkvæmdin er starfsfólksins, og svo náttúrulega með stuðningi forstjóra heilsugæslunnar. Við höfum afrekað heilmikið en erum í miðri ánni. Við höfum hætt að vinna hvert í sínu horni en tekið höndum saman til að byggja upp aðgengilega og öfluga þjónustu, ekki síst við þá sem hafa langvinna sjúkdóma sem hrjá Íslendinga.“

Heilsugæslustöðin í Grafarvogi er rekin af ríkinu. Ófeigur Tryggvi segir það ekki hafa neikvæð áhrif á nýja fyrirkomulagið. „Það er auðvitað töluverð viðhorfsbreyting fyrir lækna innan heilsugæslunnar að fara allt í einu að deila verkefnum sem þeir hafa einir sinnt í áráðir og afhenda þau öðrum. En þetta er nýsköpun sem við sameinumst um. Við höfum leitað jafnvægis og þó enn sé eftir að slípa eitt og annað held ég að enginn vilji fara til baka. Fyrirkomulag teymisvinnunnar er nýjung í opinberu heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu en úti á landi hafa læknar og hjúkrunarfræðingar unnið saman í fullu trausti og deilt verkefnum.“

gun@frettabladid.is

**Ísleifur Jónsson**  
Útfarastjóri  
Farsími 821 5353

**Steinn Magnúsdóttir**  
Útfararþjónusta  
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.us.is  
is@ufur.is

Áratuga reynsla við útfararþjónustu



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Ellert Ingason

### Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Niels P. Sigurðsson**

fv. sendiherra,

sem lést 3. júní, verður jarðsenginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 13. júní kl. 15.00.

**Rafn A. Sigurðsson**

**Karitas Sigurðsson**

**Sigurður B. Sigurðsson**

barnabörn og barnabarnabörn.

**Anna Júlíana Sveinsdóttir**

**Alexander Mitrogogos**

**Viky Figueras-Dotti**

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnhildur Eyja Þórðardóttir**

lést á Landspítalanum 9. júní síðastliðinn.

Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigríður Elin Sigfúsdóttir**

**Arnór Þórir Sigfússon**

**Gunnlaugur Sigfússon**

barnabörn og fjölskyldur.

**Oddur Carl Einarsson**

**Gunnhildur Óskarsdóttir**

**Sólveig Kristjánsdóttir**

barnabörn og fjölskyldur.



# Var ákveðin í að ná prófi

Ingibjörg Ylfa Ólafsdóttir er ein Íslendinga á útkallslista Landamærastofnunar Evrópu.

